



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

1. apríl 2010

13. tbl. · 27. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



OPIÐ ALLA
PÁSKANA
TIL KL. 23:30!



HAMRABORG EHF.
HAFNARSTRÆTI 7 · ÍSAFIRÐI · SÍMI 456 3166



Sigraðist á þung- lyndi og kvíða

Ísírski brunaverkfræðingurinn Anna Málfríður Jónsdóttir er á leið til Bretlands þar sem hún hefur fengið starf hjá orku-fyrirtæki. Hún útskrifaðist frá Edinborgarháskóla með MSc. í burðarbols- og brunaöryggisverkfræði í nóvember en það er ný grein innan verkfræðinnar. Auk þess að vera einstæð móðir megnið af tímanum sem hún var í námi þurfti hún að kljást við þunglyndi og ofsa-kvíða. Í miðopnu segir Anna Málfríður frá því opinskáan hátt hvernig hún sigraðist á mótlætinu og bætti þessu sérhæfða námi í reynslubankann.



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP

Yfir hafið og heim

Samkaup

úrval

góðir grannar

Gleðilega páska!



Fyrir svanga!

**Grillaður kjúklingur, franskar
og kók **1.398 kr.****

tilboðið gildir miðvikudag, fimmtudag og laugardag!

Samkaup úrval Ísafirði

Hafnarstræti 9-13, isafjordur@samkaupurval.is, samkaupurval.is

...opið um páskana

skírdagur kl. 10.00 - 21.00
föstudagurinn langi kl. 13.00 - 17.00
páskadagur kl. 13.00 - 17.00
annar í páskum kl. 12.00 - 21.00

Sjá öll tilboð á samkaupurval.is

Sparnaðartilboð páskahelgarinnar 1. - 4. apríl

Gledilega páska!

Svínakjöt á grillið!
frá Kjötseli



Bógssneiðar ~~1.098~~
769

Kótilettur ~~1.798~~
1.259

Lærissneiðar ~~1.398~~
979



frá Kjörís

Mjúkís ársins 2010 ~~498~~
498

Dúett íslengja ~~589~~
589

30%
afsláttur



~~3.498~~

2.449 kr. kg Lambafilé

úr kjötbörði eða pakkað ferskt

30%
afsláttur



~~998~~

699 kr. pk. Pítubuff

með brauði, 6 stk., frá Goða

30%
afsláttur



~~2.778~~

1.945 kr. kg Roast Beef

kryddað innanlæri, frá Goða

Góð
kaup!



~~1.695~~

1.356 kr. kg Lambakótilettur

úr kjötbörði eða pakkaðar ferskar

33%
afsláttur



~~2.941~~

1.970 kr. kg Kjúklingabringur

án skinns, frá Ísfugli

Góð
kaup!



149 kr. stk. Malt&Appelsín

500 ml, frá Agli

Góð
kaup!



~~2.298~~

1.494 kr. kg Lambalærissneiðar

úr kjötbörði eða pakkaðar ferskar

Góð
kaup!



299 kr. pk. Doritos 165g

Nacho Cheese eða Cool American

25%
afsláttur



~~1.198~~

899 kr. pk. Coca Cola

4x2 lítrar, classic, light og zero

Hjálmar á rokkhátíðina

Hin geysivinsæla reggí-hljómsveit Hjálmar kemur fram á Rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, á Ísafirði um páskana. Hjálmar eru ein vinsælasta hljómsveit landsins um þessar mundir en þeir gáfu út plötuna IV á síðasta ári. Platan var m.a. tekin upp í Tuff Gong og Harry J Studio á Jamaíka en þar fékk hljómsveitin til liðs við sig ýmsa innfædda tónlistarmenn sem settu mark sitt á plötuna.

Meðal laga hljómsveitarinnar sem hafa slegið í gegn að undanfögnu má nefna of-urslagarana Manstu og Það sýnir sig.

Gúbbarnir í Edinborg

Keramíksýningin Gúbbar verður í Rögnvaldarsal í Edinborgarhúsinu dagana 1. til 5. apríl. „Þetta er í fyrsta skipti sem Gúbbarnir koma á Vestfirði og þeir eru yfir sig spenntir að hitta Skíðavíkugesti,“ segir í tilkynningu. Rut Ingólfssdóttir leirlistakona skapar Gúbbana en Rut er ættuð frá Ísafirði og er að eigin sögn ein af svo kölluðum „Leifspúkum“.

Rut stundaði nám í Aarhus Kunstakademi og hefur haldið bæði einka- og samsýningar víðsvegar, bæði hér heima og erlendis. Sýningin opnar 31.mars kl 18 og eru allir velkomnir.



Uppfærslum hefur fjölgað

Á leikárinu 2008/2009 færðu þrjú áhugaleikhús á Vestfjörðum fjórar uppfærslur á svið. Leikárið á undan voru leiksýningarnar þrjár. Samtals voru þessar uppfærslur sýndar 35 sinnum á leikárinu 2008/2009 en töluvert færri, eða 15 sýningar voru sýndar árið áður.

Alls komu 2.372 gestir á uppfærslur áhugaleikfélaga á Vestfjörðum á síðasta leikári. Það er töluverð fjölgun frá leikárinu á undan þegar gestir leikfélagana voru 1.174. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar.

Inn að beíni

Emil Pálsson hefur vakið athygli að undanfögnu fyrir góða takta hjá Boltafélagi Ísafjarðar. Hann hefur leikið frábærlega með meistaraflokksliði BÍ/Bolungarvíkur og stóð sig með þrýði í 2. deildinni í sumar. Emil var í haust kjörinn efnilegasti leikmaður á lokahófi BÍ/Bolungarvík í byrjun árs var hann sæmdur nafnbótinni íþróttamaður Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2009.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Hingað til er það mögulega þegar ég ákvað að vera frekar á Ísafirði í vetur heldur en að flytja suður.

Hvar langar þig helst að búa?

Einhverjum heitum stað í útlöndum, að spila fótbolta.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Skora með U17 landsliðinu.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Komast ekki áfram í undankeppni sem var í sumar.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Kvenþjóðin.

Uppáhaldslagið?

Good Morning-Kanye West.

Uppáhaldskvikmyndin?

More than a game.

Uppáhaldsbókin?

Mannasiðabók Gillz.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Noreg með með U17.

Uppáhaldsborgin?

Kaupmannahöfn.

Besta gjöfin?

Að vera heilbrigður.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Nei.

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Fótboltaæfinga og tölvunnar minnar.

Fyrsta starflöð?

Bar út Moggann.

Draumastarfið?

Atvinnumaður í fótbolta.

Emil Pálsson, nemi við MÍ og knattspyrnumaður

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Sean Faris.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Vestfirðir.

Skondnasta upplifun þín?

Horfa á liðsfélaga reyna að tækla dómara í leik.

Aðaláhugamálið?

Fótbolti.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Fotbolti.net og facebook

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Fótboltamaður.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Metnaðarfullur í því sem ég tek mér fyrir hendur.

En helsti löstur?

Erfitt með að vakna snemma á morgnana.

Besta farartækið?

Volvo-inn okkar.

Hver er upphaldshátíðardagurinn þinn?

Jóladagur.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Ronaldinho.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Ari er nafn sem hefur alltaf heillað mig, ekki hugmynd af hverju.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Eftir æfingu.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Tvíburi.

Lífsmottóið þitt?

What doesn´t kill you makes you stronger.



FERMING



Eigulegar gjafir



Tilboð
19.328 kr.
24.161 kr.
Dealer
fermingarstóllinn
frá Pennanum



Töskur
Mikið úrval



Orðabækur
Mikið úrval

- FERMINGARSTÓLLINN
- PENNASETT
- MYNDAVÉLAR
- TÖSKUR
- ORÐABÆKUR
- FERMINGARKORT
- TÖLVUORÐABÆKUR
- GJAFAKORT

Eymundsson.is

Skiptimiðinn
Eymundsson

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Atkvæða-greiðsla utan kjörfundar hefst 6. apríl

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga hefst þriðjudaginn 6. apríl. Kjósanda sem ekki getur kosið á kjördag er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar frá og með þeim degi til kjördags. Hægt verður að kjósa hjá öllum sýslumönnum á landinu.

Atkvæðagreiðsla á erlendi grundu hefst sama dag á vegum utanríkisráðuneytisins sem mun kynna fyrirkomulag þar að lútandi. Þetta kemur fram í vefriti dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins sem hefur nú í fyrsta sinn umsjón með framkvæmd sveitarstjórnarkosninga, eftir að forræði þessa málaflokks fluttist til ráðuneytisins frá samgönguráðuneytinu 1. október 2009. Ráðuneytið annast því framkvæmd allra almannakosninga hér á landi.

Eins og fram hefur komið verða kosningarnar haldnar laugardaginn 29. maí. Frestur til að skila framboðslistum til yfirkjörstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi er til kl. 12 á hádegi laugardaginn 8. maí. – *thelma@bb.is*

Spurningin

Fer brátt að birta til í efnahagslífi þjóðarinnar?

Alls svöruðu 581. Já sögðu 244 eða 42% Nei sögðu 337 eða 58%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðanátt, víða á bilinu 8-13 m/s. Él norðan- og austanlands, annars yfirleitt léttskýjað. Frost 0-8 stig, mildast við suðurströndina. **Horfur á laugardag:** Minnkandi norðanátt. Stöku él norðaustantil, annars bjartviðri. Heldur hlýnandi. **Horfur á sunnudag:** Austlæg eða breytileg átt með dálíttilli ofankomu víða um land.



Ísafjörður. Ljós: Oddný Birgisdóttir.

Ánægja með starfsemi VaxVest

Áætlað er að Vaxtasamningur Vestfjarða hafi stutt við atvinnu- sköpun sem nemur 15,5 varanlegum ársverkum og fimm tíma- bundnum ársverkum á árinu 2009. „Þessi áætlun tekur ekki mið af framtíðarvæntingum verkefna sem gætu verið umtals- verð. Nægir þar að nefna verkefni eins og bláskeljaklasann sem gæti skapað hundruð starfa á næstu árum ef allt gengur skv. áætlunum og nýlokinni stefnu- mótunarvinnu. Þá er ótalin marg- feldisáhrifin af stuðning við rann- sókna- og menntastarf sem bæði leiða af sér vel menntaða ein- staklinga og fræðimenn sem geta skapað aukin tækifæri fyrir at- vinnulíf og samfélag Vestfjarða,“ segir í lokaskýrsluna Vaxvest fyrir árið 2009.

Þar segir að mörg verkefni hafi verið unnin á árinu á vegum samningsins og var samþykkt að úthluta til verkefna um 19,8 millj- óna króna. Þá eru ótaldir þeir fjármunir sem fara í sérverkefni sem unnin eru af starfsmönnum Vaxvest. Þau verkefni eru ákaf- lega viðfeðm og í anda klasapró- unar. Áberandi eru verkefni á sviði sjávarútvegs og menningar- tengdrar ferðaþjónustu. Áætla má að um 70 mjög virkir þátttak- endur séu í verkefnum Vaxvest á hverjum tímapunkti. Fjöldinn eru þó meiri og má áætla að í kringum 130 manns hafi komið að starfinu með einum eða öðrum hætti.

„Afstaða skjólstæðinga Vax- vest er mjög jákvæð. Afgerandi meirihluti skjólstæðinganna eru ánægðir með starfsemi og verk- efni samningsins og telja starf- semina hafa mikil áhrif á verð- mætasköpun, efnahaglegan vöxt og samkeppnishæfni svæðisins. Almenn er Vaxvest orðið viður- kennt tæki í atvinnuþróun og sýna viðskiptavinir og skjólstæðingar Vaxvest skilning á grunnförsend- um og þeirri aðferðafræði sem beitt er til þess að ná fram efna- hagslegum vexti,“ segir í skýrsl- unni. – *thelma@bb.is*

Ritstjórnargrein

Væri ekki ráð

Skáldið og rithöfundurinn Ólafur Jóhann Sigurðsson velti því fyrir sér í litlu ljóði hvort lengra væri „til barna, blakkra og hvítra, sem bíða líknar í þrautum“ en „til stjarna sem leiftra á himinbrautum,“ þegar að væri gáð. „Veizt þú svarið,“ spurði skáldið lesendur? Og ekki að ástæðulausu. Áhuginn fyrir landvinningum í himingeimnum var langtum meiri.

Draumur „stórveldanna“, eins og við títt köllum þjóðirnar sem öldum saman hafa deilt og drottnað yfir heimsbyggðinni, um að verða fremstir í kapphlaupinu um yfirráð í himingeimnum, leiddi af sér að þær töldu það þarfara verk en að nýta mátt sinn og megin til að brauðfæða milljónir fólks sem árlega deyr úr svengd. Og til þessa tómstundagamans hefur verið varið fjárhæðum, sem færa venjulegu fólki höfuðverk við það eitt að bera slíka talnarunu augum.

Reglubundið rumskar þó samviskan og fagnaðarboðin um að við svo búið verði ekki lengur unað taka að hljóma um heimsbyggðina. Matargjafir úr yfirfullum forðabúrum ofneysluþjóðfélaga taka að fossa í stríðum straumum. Nauðsynleg fyrsta hjálp, en leysir ekki vandann. Skrefin sem þarf að taka hafa aldrei verið stigin; að hjálpa fólkinu við að standa á eigin fótum, byggja upp samfélag í takt við tímann. Hvers vegna? Má vera að bryddi á ótta meðal „hjálparsveit- anna“ um að fjárhagslegt sjálfstæði þriðja heimsins kynni að veikja

þeirra eigin efnahagskerfi og draga þar með úr yfirráðum?

Væri ekki ráð að vakna af draumnum um yfirráð í himingeimnum og taka höndum saman um að ráða fram úr þeim ærna vanda sem við er að glíma á jarðarkringlunni?

*

„Hér þó nú skipti heimurinn / hlējandi auði sín, / endast sá glaumur eitthvert sinn, / þá ævin lífsins dvín.“ Þessi orð sálmaskálds- ins hafa í engu glatað gildi sínu á þeim 344 árum sem liðin eru síðan þau fyrst komu á prent.

Svo langt aftur sem sagan greinir hefur verið tekist á um skiptingu auðlinda jarðarinnar. Og jafn lengi hefur þetta leitt af sér þá gífurlegu misskiptinu lífsgæða, sem stórum hluta jarðarbarna er gert að búa við. Og sem virðist lítið lát á. Innbyrðis átök meðal þjóða, hatursfullt viðhorf og vantraust til alls og allra hlýtur að vera þjóðarleiðtogum áhyggjuefni.

*


Þæjarins besta óskar lesendum sínum nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegrar páskahátíðar.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgotu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Í 11 ár hafa ánægðustu viðskiptavinirnir
í bankakerfinu á Íslandi verið hjá Sparisjóðnum.

Hvar ert þú?



HÉR FINNUR ÞÚ ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTA- VININA Í BANKAKERFINU Á ÍSLANDI!

Samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni eru ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu hjá Sparisjóðnum. Við þökkum viðskiptavinum okkar afar ánægjuleg viðskipti í gegnum tíðina. Starfsfólk Sparisjóðsins hefur ávallt lagt sig fram um að veita persónulega þjónustu og býður alla landsmenn velkomna í viðskipti.

 **SPARISJÓÐURINN**
– fyrir þig og þína

Auglýsing

um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara laugardaginn 29. maí 2010, hefst þriðjudaginn 6. apríl nk.

Kjósa má á skrifstofu embættisins, Hafnarstræti 1, Ísafirði, alla virka daga frá kl. 09:30 - 15:30 og utan skrifstofutíma, í bráðatilvikum, eftir samkomulagi.

Umsókn um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skal hafa borist sýslumanni eigi síðar en kl. 16:00 þann 25. maí nk. Allar nánari upplýsingar veitir Harpa Oddbjörnsdóttir eða Kristín Völundardóttir í síma 450 3700.

Kjösendum er bent á að hafa með sér persónuskilríki.



Ísafirði 25. mars 2010,
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Kristín Völundardóttir.

Merktur við Grænland – veiddur við Vestfirði

Þorskur, sem merktur hafði verið með rafeindamerki við Austur-Grænland árið 2008 veiddist úti fyrir Vestfjörðum í janúar síðastliðnum að því er fram kemur í Fiskifréttum. Einar Hjörleifsson, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnun, segir í samtali við blaðið að nokkrir þorskar hafi verið merktir með rafeindamerkjum við Austur-Grænland í september 2008. Nú hefur eitt þessara merkja skilað sér.

„Hita- og dýpisprófill merkisins bendir til að þorskurinn hafi farið yfir til Íslands á fyrstu mánuðum ársins 2009 og hrygnt hér í marsmánuði það ár. Þetta má ráða af dýpis- og hitafari, því að ólíklegt er að þorskur hafi lent í sjö gráðu hita á 60 metra dýpi á vormánuðum við Grænland. Í



Þorskur, sem merktur hafði verið með rafeindamerki við Austur-Grænland árið 2008 veiddist úti fyrir Vestfjörðum í janúar síðastliðnum.

framhaldinu virðist þessi þorskur hafa farið á Vestfjarðamið og haldið sig að mestu í hitaskilum þar þangað til hann var veiddur í lok janúar í ár,“ segir Einar.

– *thelma@bb.is*



TAKTU ÞÁTT Í FERMINGARLEIK KLASSA

Leggðu grunn að fjárhag framtíðarinnar með því að ávaxta fermingarpeningana vel. Ef þú leggur 15.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans færðu flotta tösku frá Landsbankanum að gjöf.

Heppinn þátttakandi getur unnið **iPod touch 32GB**.

KLASSI.IS | 410 4000



Aukinn kraftur í skelrækt

Þróunarvinna frumkvöðla hefur leitt í ljós að íslenskar aðstæður henta mjög vel til ræktunar á bláskel. Þetta kom fram á aðalfundi hagsmunasamtaka skelræktenda sem haldinn var á Ísafirði um síðustu helgi. Fundurinn endurspegladi aukinn kraft og áhuga í greininni. Ljóst að enn fleiri fyrirtæki munu hasla sér völl á sviði skelræktar á næstu misserum. Þar kom fram að gæðaþættir eins og holdfylling, bragðgæði og afhendingaröryggi sýna betri útkomu en hjá ræktunarfyrirtækjum í nágrannalöndunum.

Einnig kom fram að vannýtt fjárfesting, sem þegar hefur verið lögð í íslenskan sjávarútvegi, eins og hafnargerð, vinnsluhús, flutningakerfi og þekking á markaði og sölu á sjávarfangi nýtist vel í skelrækt. Greinin þykir sérstaklega vel fallin til skapa ný störf á svæðum sem hafa átt á brattann að sækja í þróun fiskveiða og vinnslu síðustu árin.

„Bláskeljarækt er eitt stærsta og nærtækasta nýsköpunartækifæri sem íslendingar eiga. Íslensk bláskeljaframleiðsla hefur aðgang að um 350.000 tonna markaði í mið- og norður Evrópu. Þessi markaður hefur ekki verið mettur um margra ára skeið og getur tekið við bláskel að verðmæti 17 milljarða króna á ári til viðbótar við núverandi neyslu,“ segir í fréttatilkynningu sem send var út í kjölfar fundarins.

Samtökin vinna náið með stjórnvöldum að endurbótum starfsreglna og undirbúningi að gjaldeyrisskapandi útflutningi. Á aðalfundinum var einnig samþykkt að senda áskorun til Sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra vegna rannsókna og þróunarstarfa í kræklingarækt.


Um 20 aðilar hafa unnið að uppbyggingu bláskeljaræktar um lengri eða skemmri tíma. Þekking á líffræðilegum og tæknilegum þáttum fer hraðvaxandi og hefur Norðurskel í Eyjafirði þegar hafið útflutning.

Lambahryggur

- FYLLTUR Í SMJÖRDEIGI



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.



Lambaryggur á beini • 2 pakkar smjördeig • 3 box sveppir • 10 döðlur • 50 g beikon • 2 dl rjómi • 1 búnt steinselja • 2 egg
Úrbeinið hrygginn, nýtið allt kjötið, fitu og sinuhreinsið. Skerið sveppi, döðlur og beikon smátt og steikið létt á pönnu. Hellið rjóma yfir og sjóðið niður. Brúnið kjötið á pönnu í smjöri. Þerrið á stykki. Gætið þess að fletja ekki út smjördeigsplötturnar, leggið þær hlið við hlið og þrýstið börmunum saman með fingrunum. Leggið hryggfylluna (fille) hlið við hlið ofaná helminginn af smjördeiginu og lundina á milli. Smyrjið sveppablöndunni yfir allt kjötið. Penslið deigið með eggj og leggið hinn helminginn af smjördeiginu yfir. Þrýstið samskeytunum saman og penslið yfir allt með eggj. Bakið í ofni við 200 - 220°C í 10 - 15 mín. Náið kjarnhita kjötsins í 50°C.

Sykurlögur fyrir kartöflur

500 g sykur • 1 dl appelsínusafi • 1 dl rjómi • kanill & salt á hnífsoðdi

Bræðið sykur þar til hann verður brúnn. Hellið volgum appelsínusafa úti, síðan rjómanum og kryddið með salti og kanil.

Rauðkál

1 poki niðursneitt rauðkál • 500 ml rauðvín • 1 grænt epli • 1 skarlottulaukur • 1 negulnagli • 50 g flórsykur
50 g púðursykur • 1 dl balsamic edik

Epli saxað smátt og sett í pott ásamt rauðkáli. Laukur afhýddur og negulnagla stungið í, hann settur í pottinn ásamt sykri, ediki og rauðvíni. Sjóðið í 1 klst.

Sósa

Bein af úrbeinuðum lambahrygg • 1 tómatur • 1 búnt timían (garðablóðberg) • 1 gulrót • 1 laukur • 1 hvítlaukur
1½ blaðlaukur • 1 tsk tómatauk (puré) • 1 msk smjör

Höggvið beinin og brúnið í ofni. Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og látið krauma í potti með olíu og smjöri. Setjið beinin út í ásamt vökva og sjóðið hægt í 3 - 4 klst. Sigtið og sjóðið niður um 2/3. Þeytið smjör út í og kryddið. Borið fram á rauðkál- og belgjabunabeði og sykurbrúnuðum kartöflum.

Tæpar 29,5 milljónir vegna endurgreiðslu á hækkun tryggingagjalds

Tæplega 29,5 milljónir króna koma í hlut vestfirskra sveitarfélaga í áætluðu framlagi á árinu vegna endurgreiðslu á hækkun tryggingagjalds. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sett vinnureglur um úthlutun og greiðslur framlags að fjárhæð 1.200 milljónir króna til að mæta hækkun á launakostnaði sveitarfélaga í kjölfar hækkunar á tryggingagjaldi úr 7% í 8,65% á árinu 2010. Við áætlanagerð um úthlutun framlagsins á árinu 2010 til einstakra sveitarfélaga er stuðst við upplýsingar frá embætti ríkisskattstjóra um innbyrðis skiptingu milli sveitarfélaga á staðgreiðsluskilum á tryggingagjaldi vegna launa sem greidd voru á tímabilinu janúar - desember 2009.



Mest kemur í hlut Ísafjarðarbæjar, sem er stærsta sveitarfélagið á Vestfjörðum.

Samkvæmt áætluðu framlagi kemur mest í hlut Ísafjarðarbæjar á Vestfjörðum eða rúmar 15 milljónir króna, því næst kemst Vesturbyggð með 3,5 milljónir króna, Bolungarvíkurkaupstaður

fær 3 milljónir, Strandabyggð 2,8 milljónir, 1,9 milljónir fara til Reykhólahrepps, rúmlega 900 þúsund krónur koma í hlut Súða-víkurhrepps og framlag annarra vestfirskra sveitarfélaga er undir milljón krónum.

Framlagið greiðist með jöfnum greiðslum mánuðina febrúar 2010 til janúar 2011. Við hverja

greiðslu mánuðina febrúar til desember er haldið eftir 5% geymslufé. Leiðrétting á framlaginu og uppgjör fer fram í lok janúar 2011 á grundvelli upplýsinga frá embætti ríkisskattstjóra um endanleg staðgreiðsluskil hvers sveitarfélags á tryggingagjaldi á árinu 2010.

– thelma@bb.is



Shiran nýr formaður KFÍ

Neil Shiran Þórisson hefur verið kjörinn nýr formaður KFÍ. Tekur hann við formennskunni af Ingólfi Þorleifssyni sem sinnt hefur starfinu frá árinu 2006. „Það er krefjandi verkefni fyrir höndum. Meistaraflokkur er kominn í úrvalsdeild og forgangsverkefnin verða að koma leikmannamálum á hreint og finna hæfan þjálfara,“ segir Shiran.

Einnig voru kjörin í stjórn þau Anna Edvardsdóttir, Óðinn Gestsson, Sævar Óskarsson. Unnþór Jónsson var kjörinn varamaður, Guðni Ólafur Guðnason var kjörinn gjaldkeri og formaður unglíngaráðs. Jakob Einar Úlfars-son vefstjóri og útsendingarstjóri KFÍ TV og Sturla Stígs-son vefstjóri.



ÍSAFJARÐARBÆR

ADALSKIPULAG ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008 - 2020

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga nr. 73/1997 frá 28. júní til 26. júlí 2009. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 9. ágúst 2009. Athugasemdir bárust frá 12 aðilum, megininntak athugasemda beindist að takmörkun á fjölda frístundahúsa á jörðum norðan Djúps og hverfisvernd á landi norðan Djúps utan friðlands. Einnig komu fram ábendingar um leiðréttingar á texta í greinargerð og á uppdráttum.

Eftir samþykkt sveitarfélagsins bárust tvær athugasemdir, önnur gaf ekki tilefni til breytinga, hin athugasemdin var vegna skilgreiningar jarðarinar Kjós og Leira, því var breytt í landbúnaðarsvæði í stað óbyggðs svæðis. Breytingin var samþykkt í umhverfisnefnd 27. janúar 2010 og var aðalskipulagið endanlega samþykkt á fundi bæjarstjórnar 4. febrúar 2010. Aðrar athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send umhverfisráðherra til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöður bæjarstjórnar geta snúið sér til tæknideildar Ísafjarðarbæjar

*Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri
framkvæmda- og rekstrarsviðs.*

Lægsta tilboð í byggingu Mjólkár-virkjunar 57% af kostnaðaráætlun

Fyrirtækið Urð og grjót ehf., átti lægsta tilboð í framkvæmdir við Mjólká III, en tilboð í verkið voru opnuð í síðustu viku. Í verkinu felst bygging nýs stöðvarhúss og inntaks við núverandi stíflu í norðaustur enda Prestagilsvatns í Arnarfirði, sem og dýpkun og mótun inntaksskurðar í Prestagilsvatni og lagning þrýstipípu á milli nýja inntaksins og stöðvarhússins með frárennsli í Borgarhvilftarvatn. Tilboð Urðar og grjóts ehf., sem er með aðsetur í Reykjavík, hljóðaði upp á kr. 70.387.000.- sem er 57% af kostnaðaráætlun. Geirnaglinn

ehf., á Ísafirði bauð næst lægst eða kr. 93.920.860.-, eða 77% af kostnaðaráætlun og Vestfirskir verktakar ehf., á Ísafirði voru með þriðja lægsta tilboð, kr. 99.557.700.- eða 81% af kostnaðaráætlun.

KNH ehf., á Ísafirði bauð kr. 107.767.232.- í verkið (88%), því næst kom Hannes Jónsson ehf., með kr. 113.272.300.- (92%), þá Árni ehf., með kr. 118.361.450.- (97%) og Vélgröfan ehf., sem bauð kr. 128.231.600.- (105%). Viðimelsbræður ehf., buðu kr. 130.098.850 í verkið (106%), þá kom Borgarverk ehf., með kr.

131.980.418.- (108%), þá Spýtan ehf., á Ísafirði sem bauð kr. 143.299.725.- (117%) og hæsta tilboðið kom frá Ístak E.Phil & Sön A/S, sem buðu kr. 161.854.462.- (132%). Kostnaðaráætlun verktaka hljóðaði upp á kr. 122.598.807.

Verklök eru áfangaskipt og eru þau stærstu frá ágúst og fram í október á þessu ári. Verkinu skal að fullu lokið í desember á þessu ári. Tilboðin verða nú yfirfarin og áreiðanleikakönnun gerð en verktími hefst þegar samið hefur verið við verktaka.

– bb@bb.is

Ull á víðavangi endurútgefin

Urmulsplatan ull á víðavangi verður endurútgefin í takmörkuðu upplagi á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður sem haldin verður um páskana. „Það kom í ljós að sumir meðlimir áttu ekki einu sinni plötuna og þegar við forvitnuðumst um það hvar væri hægt að nálgast hana kom í ljós að mjög erfitt er að fá hana. Ég þurfti t.d. að fá plötuna lánaða hjá frænku Símonar,“ segir Guðmundur Halldórsson gítarleikari í Urmul. „Við ákváðum því að gefa hana út í takmörkuðu upplagi og selja á hátíðinni. Hún verður gefin út í 500 eintökum og er í framleiðslu núna. Við

vildum tryggja að þeir sem hafa viljað nálgast plötuna en ekki getað það, geti hlustað á hana núna og komist í stuð.“

Platan hefur endurhljóðblönduð til að bæta hljómgæði hennar og einnig hefur verið frískað upp á plötuumslag hennar. „Það er orðið ansi langt síðan platan var gefin út og okkur langaði því að hressa aðeins upp á hana, við fengum hljóðlistamanninn Ben Frost til að endurmastera hana og bæta við aukalaginu Himnaglaginu, en það lag kom aðeins út á safnplötu og því erfitt að nálgast það.“

Einnig hefur verið frískað upp

á plötuumslag plötunnar. „Við fengum Svavar Eysteins sem tilnefndur hefur verið til íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir umslagagerð til að gera nýtt umslag. Þetta ætti því að koma vel út,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segir hljómsveitarmeðlimi vera spennnta að koma saman og spila á AFÉS: „Við ætlum að reyna mæta snemma á svæðið og ná kannski tveimur æfingum fyrir vestan. Það er kominn fiðringur í menn, maður er farinn að klæða sig í gömlu gruggfötin (grunge) og bara kominn í fíling.“

– thelma@bb.is

Fermingarveislan er hafin



Þú átt að elska rúmið þitt

Crown
heilsurúm



Aðeins
kr. 11.400.- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 129.900.-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro standard
heilsurúm



Aðeins
kr. 12.688.- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 144.900.-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro Deluxe
heilsurúm



Aðeins
kr. 13.546.- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 154.900.-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Sjá nánar á www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opíð virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 11-16



Brunaverkfræðingur á leið til Bretlands

Ísfríðingurinn Anna Málfríður Jónsdóttir er brunaverkfræðingur að mennt en ferð hennar um menntaveginna var löng og oft á tíðum ströng. Hún þurfti að yfirstíga ýmsar hindranir, bæði sem einstæð móðir og einnig þjáðist hún af þunglyndi og ofsakvíða. Þegar Anna Málfríður var að ljúka mastersnámi sínu í Edinborg var landslagið í bygginga-bransanum orðið gjörbreytt frá því áður en hún fór í nám. Hún missti tryggt starf hjá verkfræðistofu í Kópavogi og eftir atvinnulausan vetur setur hún stefnuna aftur á Bretland og hefur innan tíðar störf hjá bresku orkufyrirtæki.

Anna Málfríður ræddi á einlægan hátt við blaðamann Bæjarins besta um röð tilviljana sem leiddu hana út í þessa ungu grein innan verkfræðinnar, námsþorstan sem aldrei sloknaði og erfiðleikana við að komast á þann stað þar sem hún er nú.

Anna Málfríður lauk hönnunardeildarprófi frá Iðnskólanum í Hafnarfirði og svo frumgreinadeildarprófi frá Tækniskóla Íslands. Þaðan lá leiðin í byggingatæknifræði við sama skóla og útskrifaðist Anna Málfríður með BSc. í byggingatæknifræði frá Háskólanum í Reykjavík (eftir sameiningu Tækniskólans, síðar Tækniháskólans, og HR) árið 2006. Anna Málfríður vann við brunahönnun hjá VSI-öryggishönnun og ráðgjöf í Kópavogi þar til hún hóf mastersnám við Edinborgarháskóla haustið 2008. Hún útskrifaðist frá Edinborgarháskóla með MSc. í Structural and Fire Safety Engineering eða burðarþols- og brunaöryggisverkfræði í nóvember síðastliðnum.

– Hvað er þetta langt nám?

„Mastersgráða er vanalega fimm ára nám frá stúdentsprófi en ég tók þrjú og hálft ár í byggingatæknifræði og síðan árs mastersnám sem fólst í 12 mánaða stanslausri kennslu. Það kallast 12 Months Intense Course og það stóð alveg undir nafni. Í þessu námi er hægt að hafa marga mismunandi bakgrunna og það hefði komið sér betur fyrir mig að hafa bachelorgráðu í verkfræði þar sem undirbúningsgreinarnar eru meira í tengslum við stærðfræði. Það var því mikil vinna fyrir mig

en það hafðist nú alveg. Ég komst að því í Bretlandi að þó mér finnst fullkomlega rökrétt að fara út í brunaöryggisverkfræði út frá byggingaverkfræði, þá hafa flestir sem fara út í þetta efnafræði eða vélaverkfræði sem grunn.

Bakgrunnur minn í byggingatæknifræði nýtist mér mjög vel í þessu starfi þar sem þetta tengist jú allt byggingunum og hvernig þær eru byggðar. Einnig er gaman að geta þess að reynsla mín úr umönnunargeiranum tengist þessu starfi þrátt fyrir að þessi störf virðist vera á sitt hvorum pólnum. Mannlegi þátturinn er mjög mikilvægur í brunaverkfræðinni, t.d. hvað varðar mannlega hegðun og öryggisþætti. Það virðist nú eiginlega vera svo, að allt sem ég hef verið að fást við til þessa nýtist mér á einhvern hátt í þessu starfi.“

Menntunin leið út úr þunglyndinu

– Var það alltaf ætlunin að fara út í þetta nám?

„Nei, alls ekki. Leið mín um menntaveginna var mjög krókótt. Ég vissi alltaf að ég vildi læra en ég var ekki viss hvað mig langaði til að læra. Á aldrinum 18-25 ára týndi ég sjálfinu mínu. Ég var í basli og glímdi við þunglyndi og kvíða. Ég hafði alltaf verið mjög ákveðin sem barn og unglingur en þegar þarna var komið var ég orðin skugginn af sjálfri mér. Ég held að þetta sé alls ekkert svo óalgengt að fólk týni sér á þessum árum og sérstaklega hjá stelpum sem eignast börn ungar. Það var þó algjörlega meðvituð ákvörðun hjá mér að eignast barn ung því ég var alltaf ákveðin í því að verða mamma. Ég ætlaði mér að eignast fullt af börnum. Ég efaðist aldrei um að ég gæti gert hvort tveggja, að fara menntaleiðina og vera mamma. Og þó svo að það færi ekki akkúrat eins og ég ætlaði mér, þá endaði það nú með því að ég gerði hvort tveggja.

Menntunin var mín leið út úr þunglyndinu og depurðinni sem ég var í. Ég fór hægt af stað en þegar maður er orðinn svona veikur fyrir, þá þarf mjög lítill móttblástur til að hann virðist sem stórir steinar í vegi fyrir manni. Ég hef alltaf haft áhuga á byggingum og mannvirkjum en ég

var á algjörlega annarri leið til að byrja með. Ætlaði mér að verða fóstura eða þroskaþjálfari en var ekki með stúdentspróf og það virtist sem óyfistíganleg hindrun á þessum tíma í lífi mínu.

Ég fór að vinna og sótti námskeið í táknmáli. Ég starfaði með þroskaheftum og fõtludum og líkaði það starf mjög vel. En ég hafði svo lítið af mér að gefa að ég brann yfir mjög fljótt í þessu starfi. Ég fann það á kvöldin þegar ég kom heim, að ég hafði enga orku eftir fyrir börnin mín. Ég gat ekki hugsað mér að eyða lífinu þannig. Ég fór því að líta í kringum mig og frétti af hönnunardeild í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Ég hef alltaf verið mikið fyrir að gera hluti í höndunum og er þrjónafíkill og alltaf verið að dytta að því sem þurfti á heimilinu. Mér fannst þetta mjög spennandi stefna.“

Ákvað að fjárfesta í sjálfri sér

„Þegar hér var komið sögu var ég komin með mann og tvö börn og eftir að ég hafði tekið nokkur fög í Menntaskólanum á Ísafirði fluttum við fjölskyldan suður. Vel gekk í náminu og ég undi mér vel í því. Í kjölfarið fór ég í járnsmíði sem ég kunni afar vel við. Ég sótti einnig um að komast að iðnhönnun í dönskum hönnunarskóla. Ég komst í inntöku-próf og fór út til Danmerkur en það strandaði á því að ég kann ekki að teikna,“ segir Anna Málfríður hlæjandi. „Ég var með fullt af hugmyndum en gat ekki komið þeim niður á blað. En ég komst að því að ég get teiknað í tölvu sem hentar mér miklu betur. Það varð því ekkert úr þessu þá, en ég fór í frumgreinadeild í Tækniskólanum og tók þar það sem jafngildir stúdentsprófi á raungreinasviði. Þegar stúdentsprófið er komið eru manni allar leiðir færar í náminu. Þegar maður er orðinn fullorðinn og kominn með börn er stúdentsprófið stærsti hjallinn, þannig var það allavega hjá mér.

Þetta var voðalega erfiður tími. Þarna var ég skilin, með tvö börn, búin að missa húsið og með skuldir á bakinu. Ég ákvað því að fjárfesta í sjálfri mér og fara í nám sem gæti orðið til þess að ég



fengi starf sem myndi afla mér góðra tekna. Ég skráði mig í byggingatæknifræði en alla tíð hafði ég verið í umönnunarstörfum, þessum mestu láglæunastörfum kvenna á landinu. Ég steypiti mér því í námslánaskuldir og skellti mér út í námið. Það var bara um tvennt að ræða, halda áfram að vinna láglæunastörf og eiga varla séns á því að borga niður skuldirnar mínar, eða teygja baslið svolítið lengur og sjá fram á eitthvað betra seinna meir.

Svo ég dembdi mér út í djúpu laugina með dyggilegum stuðningi fjölskyldunnar, sem hvatti með öllum ráðum og gerðum.“

Hræðslan knúði fram leit eftir aðstoð

„Mér fannst byggingatæknifræðin mjög skemmtileg en hún var mér mjög erfið þar sem ég þjáðist af ofsakvíða á þessum tíma. Þunglyndið hopaði fyrir kvíðanum og þetta var afar erfið. Svo var ég líka eins og öskubuska og þurfti alltaf að fara heim fyrir kl. 16 á daginn því þá var skóladagheimilið búið. Svo lærði ég eftir að stelpurnar voru farnar að

sofa á kvöldin.

Á meðan ég var í náminu fór ég tvisvar sinnum á bráðamóttöku geðdeildarinnar vegna mikillrar hræðslu. Einna erfiðast við sjúkdóma af þessu tagi er að þótt hjálpin sé til staðar, þá veitist manni svo erfitt að sækjast eftir henni. Það sem varð til þess að ég leitaði mér hjálpar var það að ég var svo hrædd um að verða svo slæm að ég gæti ekki hugsað um börnin mín. Erfiðasti hjallinn við það var að setja mig í fyrsta sæti, því maður er svo vanur að láta aðra ganga fyrir. Þetta er nákvæmlega sama dæmið og að maður eigi fyrst að setja súrefnisgrímu á sjálfa sig í hrapandi flugvél áður en maður lætur hana á barnið sitt, því hver er til staðar til að bjarga börnunum manns ef maður getur það ekki sjálfur?

Þetta háði mér í félagslífinu í kringum námið. Sem dæmi, þá gat ég ekki tekið þátt í útskriftarferðinni þar sem ég gat ekki farið inn í fyrirtæki og óskað eftir auglýsingum eins og hinir samnemendur mínir. Ég byrjaði að titra og skjálfa og fékk kvíðakast bara við tilhugsunina.

En þar sem þetta var ekki sjáanlegur veikleiki eða sjúkdómur



var enginn reiðubúinn að koma til móts við það. Eins gat ég ekki tekið þátt í miklu foreldrastarfi í tengslum við skólagöngu dætra minna. Ég gat ekki tekið neitt aukalega að mér, ein með tvö börn í kröfuhörðu námi. Ég fékk því oft að heyra það að ég nennti ekki neinu. Ég lærði að brynja mig gegn slíkum athugasemdum. Enda skilaði þetta sér þar sem ég náði að hætta á kvíðastillandi lyfjunum sem ég hafði verið á í tíu ár á meðan ég var úti í mastersnáminu í Edinborg.“

**Kom heim þegar
harðnaði á dalnum**

„Þegar ég var að klára loka-
verkefnið í tæknifræðinni þurfti
ég að taka ákvörðun um næsta
skref. Það eru svo margar leiðir
sem hægt er að fara út frá þessu
námi og margt spennandi í stöð-
unni. Fyrir tilviljun valdi ég að
gera lokaverkefni sem tengdist
brunahönnun og burðarvirki. Á
meðan ég vann verkefnið vann
ég sem tæknistjóri hjá verktaka-
fyrirtæki og þurfti á þess vegum
að leita til verkfræðistofunnar
VSI vegna brunahönnunar á húsi
sem við vorum að byggja. Í við-

ræðum mínum við mann sem ég
leitaði til þar kom fram að ég
væri að vinna lokaverkefni um
svipað efni og þá bauð hann mér
vinnu. Ég var því komin með
starf hjá mjög góðu fyrirtæki
þegar ég útskrifaðist úr bygg-
ingataekni-fræði. Þar fékk ég enn-
þá meiri kennslu og tilsoðn sem
gerði það að verkum að áhugi
minn á þessum málaflokkki jókst
þar til að eftir tveggja ára starf
þarna ákvað ég að ég vildi læra
meira um brunaöryggisverk-
fræði. Ég ákvað að taka mér árs-
leyfi til að taka masterspróf.
Vinnuveitendur mínir studdu
mig til þess.

Þetta var sumarið 2008 en þá
voru einnig tímamót hjá báðum
dætrum mínum, sú yngri fermdist
um vorið og sú eldri lauk stúd-
entsprófi. Ég fór til Edinborgar
en brunadeildin í skólanum þar
er ein sú fremsta sinnar tegundar
og það eru fáir skólar sem bjóða
upp góðar deildir í þessu efni.
Eldri stelpan mín varð eftir á
Íslandi og fór að búa með kærasta
sínum. Eftir að hafa verið einstæð
móðir í tíu ár fannst mér það
mikil viðbrigði og ég sagði við
hana að ég væri engan veginn
tilbúin til þess að hún færi að

heiman. En hún svaraði mér að
hún hefði ekki farið að heiman,
heldur var það ég,“ segir Anna
Málfríður og hlær.

„Ég fór því út með yngri dóttur
minni sumarið 2008 og áður en
ég fór skuldbatt ég mig til þess
að vinna hjá VSI í fimm ár að
loknu námi og þeir styrktu mig
að einhverju leyti til námsins í
staðinn. En það sem ég gat engan
vegin vitað þá var að landslagið
í þessum bransa væri í þann mund
að breytast verulega. Þegar ég
fór út í námið vantaði tugi bruna-
verkfræðinga út um allan heim
því þeir eru ekki á hverju strái.
Þetta átti því að vera gulltryggt,
það átti enginn von á því að
nokkrum mánuðum yrði allt
stopp í byggingabransanum. En
við vitum öll hvað gerðist haustið
2008. Það varð til þess að sum-
arið eftir neyddist VSI til að
senda mér uppsagnarbréf áður
en ég kom heim. Þeir urðu að
gera það eins og svo mörg önnur
fyrirtæki sem eru að synda líf-
róður.

Ég kom því heim til Íslands,
39 ára gömul, og loksins búin að
læra það sem ég ætlaði mér og
ég var atvinnulaus. Og hvað gerir
maður þegar harðnar á dalnum?

Maður fer heim, og ég fór því
ásamt yngri dóttur minni heim
til Ísafjarðar.“

**Búnar að fá nóg
af óvissu og flakki**

„Við erum búnar að vera hér í
vetur í gamla húsinu hennar lang-
ömmu minnar(*Herdísar Alberts-
dóttur, innskot blaðamanns*). Þar
hef ég lengst af setið með kisa
okkar og þrjónað en Hildur dóttir
mín er hér í skóla.

Eftir áramótin fór ég hægt og
rólega að þreifa fyrir mér. Ég
ákvað að leyfa dóttur minni að
klára 10. bekkinn hér heima og
því vildi ég ekki þurfa að rífa
hana upp með rótum strax aftur.
En í janúar fór ég líta í kringum
mig því ég hugsaði með mér að
ég yrði að vera búin að fá vinnu
fyrir haustið. Ég vissi það alveg
að meðan það væri ekkert að
gera hjá mínu gamla fyrirtæki
VSI þá væri enga aðra vinnu að
fá í þessum bransa hér á landi.
Byggingar sem ég vann að áður
en ég fór út til Edinborgar standa
sumar hálfbyggðar eða galtómar.

Þegar ég keyri um Reykjavík
sé ég víða byggingar í þessu ásig-

komulagi. Þetta er eins og drauga-
bær. Ég vissi því að ég þyrfti að
leita mér vinnu utan landstein-
anna. Ég byrjaði á Bretlandi sem
er skemmtilegt land fyrir þessa
grein. Þar er mikil gerjun í gangi
en þetta er tiltölulega ung grein
innan verkfræðinnar.

Ég var rétt að fara af stað og
búin að fara í örfá viðtöl þegar
ég fékk starf hjá orkufyrirtæki
sem er að fara endurnýja og
byggja ný orkuver.

Þetta gerðist mjög hratt og ég
er líklega að fara út mjög fljót-
lega. Dóttir mín verður eftir hjá
fjölskyldunni meðan hún klárar
skólann en svo kemur hún út.
Þarna ætlum við að koma okkur
vel fyrir, við erum búnar að fá
nóg af óvissu og flakki.“

Nýja starfið leggst vel í Önnu
Málfríði en það er ekki það eina
sem er spennandi í hennar nán-
ustu framtíð.

„Í lokaverkefninu mínu var ég
að fjalla um algera nýjung í
þessari fræði og ég mun kynna
þessa nýjung á alþjóðlegri ráð-
stefnu í sumar. Það er mikill heið-
ur og spennandi,“ segir Ísfríðing-
urinn Anna Málfríður Jónsdóttir,
brunaverkfræðingur.

– thelma@bb.is



Bræðurnir Hallgrímur og Davíð Kjartanssynir vinna saman að uppbyggingu Álfsfells.

„Mörg störf skapast af þorskeldi“

Þorskeldi Álfsfells í Skutulsfirði hefur töluverð margfeldnisáhrif á atvinnulífið á svæðinu. Þetta kemur fram í bréfi frá fyrirtækinu sem lagt var fram til kynningar á bæjarráðsfundi í Ísafjarðarbæ. Í bréfinu er staðfest að Aldan ÍS-47, hefur veitt þorsk í áframeldi Álfsfells ehf. á undanförunum árum. Afliinn hefur verið á bilinu 140 til 190 tonn á ári og skilað eldinu 80-100% þyngdaraukningu eftir fjóra til 10 mánaða fódrun. Fisknum hefur síðan verið landað í Ísafjarðarhöfn og oft

ast slægður af fyrirtækinu Stál og Hnif á Ísafirði. Síðan fer fiskurinn í vinnslu hjá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru í Hnífsdal og Íslandssögu á Suðureyri.

„Mörg störf skapast við þetta á Ísafirði hjá útgerð Öldunnar, auk starfa við fiskeldið hjá Álfsfelli og fiskvinnslunum,“ segir í bréfinu. Þá hafa fyrirtækin Rafskaut, Þrymur, Þristur, Vélsmiðja Ísafjarðar, Rörtækni, AOA, Olis, N1, HV, Bílatangi, Urtusteinn, Fjarðarnet, Sigurlaugur Baldursson, Þröstur Marzeliusson/Íssaga

og fleiri aðilar svo sem Landflutningar og Flytjandi þjónustað starfsemi Álfsfelli.

Álfsfell hefur um árabil alið þorsk í kvíum í Skutulsfirði. Framleiðslan byggist fyrst og fremst á því að Álfsfell fær sjómenn til að veiða fyrir sig smáþorsk til áframeldis. Einnig hafa verið gert tilraunir með að ala seiði af villtum stofni. Sala hefur gengið vel hjá fyrirtækinu, til að mynda er fyrirtækið með fastan markað í Sviss og hefur flutt vikulega út ferskan fisk í eitt og hálf ár.

Geirnaglinn bauð lægst í þjónustuhús

Geirnaglinn ehf., á Ísafirði bauð lægst í byggingu þjónustuhúss á tjaldsvæðinu í Tungudal. Alls bárust sjö tilboð í verkið og bauð Geirnaglinn 15.984.948 krónur. Önnur tilboð bárust frá SÁ-verklaunum sem hljóðaði upp á 16.152.300 kr. Mót-X ehf., bauð 18.708.393 krónur.

Spýtan ehf., bauð 19.270.150 krónur. Ráðþing ehf., bauð 19.748.314. krónur. Vestfirskir verktakar buðu 20.545.400 krónur og GÓK húsmiði bauð 23.468.043 krónur.

Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir að í verkið færu 15.000.000

króna í heild. Bæjartæknifræðingur hefur óskað eftir heimild til að að ganga við samning við lægstþjóðanda og minnka umfang verksins svo það falli að fjárhagsáætlun. Bæjarráð samþykkir tillögu bæjartæknifræðings um að samið verði við lægst þjóðanda.

Orkubúið fyrst til að fá viðurkenningu á innra eftirliti

Orkubú Vestfjarða er fyrsta dreifiveitan sem fær formlega viðurkenningu Neytendastofu til innra eftirlits með raforkumælum. Orkubú Vestfjarða hefur fyrst allra dreifiveitna sett upp innra gæðakerfi á grundvelli reglna frá Neytendastofu en starfsmenn Orkubús Vestfjarða og Neytendastofu hafa unnið saman að þessu verkefni í rúmt ár. Innra eftirlitið er tekið út árlega af hálfu Neytendastofu en við innra eftirlit er notuð sérstök úrtaksaðferð við val á mælum til

prófunar hjá óháðri fagglitri prófunarstofu og eru öll gögn um úttektir og prófanir mæla eru aðgengilegar fyrir Neytendastofu. Í lögum sem samþykkt voru á Alþingi árið 2006 var í fyrsta sinn veitt heimild fyrir því að fyrirtæki sem selja vöru eða þjónustu geti sett upp eigið innra eftirlitskerfi vegna mælinga sem sé jafngildandi löggildingu frá Neytendastofu.

Raforkumælur eru samkvæmt lögun undir opinberu eftirliti Neytendastofu en löggilding

mælitækis felur í sér staðfestingu Neytendastofu að mælirinn mæli rétt. „Vonir standa til þess að framtak Orkubús Vestfjarða geti rutt brautina að því að fleiri dreifiveitur nýti sér kosti þess að nota fremur innra eftirlit með mælitækjum sem fengið hefur staðfestingu Neytendastofu. Neytendastofa og Orkubú Vestfjarða eru sammála um að innra eftirlit sé hagkvæm leið fyrir umsýslu mæla og eftirlit með mælingum, sem neytendur geta treyst,“ segir í tilkynningu.

Fyrsta hljómplata ísfirska tónlistarmannsins Birgis Arnar Sigurjónssonar, eða Biggabix, kom út í síðustu viku. Hljómplatan, sem heitir Set Me On Fire, inniheldur ellefu frumsamin lög og eru allir textarnir einnig eftir Birgi Örn utan einn sem Helga Margrét Marzeliusardóttir samdi. Birgir Örn gefur plötuna út sjálfur en hún var tekin upp í hljóðverinu Tankinum á Flateyri. Þá sá hann einnig um hönnun á útliti framleiðslunnar enda starfandi við grafiska vinnslu en öll myndataka var í höndum félaga hans, Baldurs Páls Hólmgeirssonar.

Birgir Örn hefur verið að spila og semja frá unga aldri enda að eigin sögn með mikla tjáningarþörf. Blaðamaður BB fékk sér kaffibolla með tónlistarmanninum á Ömmu Habbý nokkrum dögum áður en platan kom út og byrjaði á að spyrja um tilurð plötunnar.

„Það var alltaf ætlunin að gera sólplötu,“ segir Birgir Örn um leið og hann kemur sér vel fyrir við gluggaborð á kaffihúsinu. „Flest lög in á plötuinni eru ný eða frá 2008 og 2009 en þarna leynast einnig nokkrar gamlar pælingar. Lög in eru mismengi að fæðast og eitt þeirra er frá gömlum píanógrunni sem ég samdi árið 2001. Ég hef í gegnum árin reynt að klára það og það tókst loksins fyrir ári og þá eftir töluverða áreynslu. Þá eru á plötunni lög eins og Oh My, Oh My sem varð til á einni kvöldstund. Lokalagið varð einnig til á stuttum tíma. Upphaflega ætlaði ég að ljúka plötunni með öðru lagi en varð þó aldrei fullkomlega sáttur. Ég fékk sólarhrings frest til að klára lagið og skila því inn, en fékk þá algjöra ritstíflu sem endaði með því að ég henti laginu og samdi nýtt frá grunni.“

–Ereinhver ákveðinn þráður í gegnum plötuna?

„Þeir sem hafa hlustað á plötuna segja að það sé ekki sama sándið í gegnum hana og að á henni sé að finna mismunandi tónlistarstefnur. Það er karakterinn minn sem heldur henni saman og nær að halda ólíkum lögum saman sem heild. Mér finnst slíkar plötur skemmtilegri en þær sem hafa að geyma lög sem eru öll eftir sömu stefnu. Mig langaði til að gera plötu sem væri sem ferðalag. Með lögunum er sögð saga og þeim er raðað í söguröð. Platan hefst á „intróí“ þar sem heyrir í okkur strákunum koma inn í hljóðverið og byrja upptökur. Síðan þyngist platan aðeins og léttist síðan og fjarar svo út með síðasta laginu. Þetta er ákveðið ferli.

Á mínum unglingsárum var allt öðruvísi tónlistarmenning en í dag. Þá átti fólk safn af

plötum og geisladiskum. Við félagarnir skoðuðum tónlistartímarit til að sjá hvenær nýjar plötur kæmu út og töldum dagana þegar svo bar undir. Ég hlustaði á plötur frá A-Ö og vissi lagaröðina upp á hár. Þær plötur sem mér fannst heilsteyptar og góðar eru enn í miklu uppáhaldi hjá mér. Í dag virðist oft sem tónlistarmenn séu að reyna að koma með nokkra „hittara“ og fylli síðan plötuna með bragðdaufum lögum, bara sem uppfyllingarefni.“

Sorgarsaga hjá einum, gleðipopp hjá öðrum

– Hvaðan sækir þú innblástur í lagasmíðinni?

„Ég sem um það sem ég upplífi. Ég á erfitt með að setja mig í einhverjar draumkenndar aðstæður og semja um eitthvað sem ekki er raunverulegt. Þegar mig hefur vantað að tjá mig, þá hef ég samið lög. Ég held að það sé eðli listamannsins, sama hver listgreinin er. Þeir nota listina til að tjá sig. Það verður að vera eitthvað í gangi í mínu lífi svo ég geti samið, hvort sem það telst gott eða slæmt. Ég hef alltaf getað samið gleðileg lög þegar mér líður illa, kannski vegna þess að ég vil komast á það stig á þeim tímapunkti. Ég hef alltaf haft mikla þörf á að tjá mig og skapa. Ég hef málað, teiknað, verið í fatahönnun og saumaskap. Það var aldrei markmið að gera eitthvað út á þessa sköpunargleði, heldur aðeins að nota hana sem leið til að losa mig og láta mér líða betur.

Markmiðið með plötunni var því aldrei það að búa til smelli, heldur að tjá mínar hugsanir. Platan er mjög persónuleg og segir frá því hvað ég var að upplifa hverju sinni.“

– Eftir allt ferlið, hvernig tilfinning heldurðu að það sé að fá plötuna í hendurnar?

„Þetta er eins og að spyrja foreldra hvernig það sé að fá að sjá barnið sitt í fyrsta sinn. Það má líkja þessu tvennu saman. Ég hlakka mikið til að fá plötuna fullbúna í hendurnar og vera stoltur af því að þetta hafi gengið upp. En á sömu stundu er líka kominn ákveðinn endir því nú get ég ekki bakkað út úr þessu, get ekki breytt neinu og verð að senda hana frá mér.“

Poppari og pabbi

– Hvernig er að samræma það að vera tónlistarmaður og tveggja barna faðir?

„Staða mín í þeim málum er svolítið öðruvísi en hjá mörgum öðrum. Sonur minn býr með móður sinni og fjölskyldu í Danmörku. Okkar samskipti fara því að mestu leyti fram í gegnum Skype og síma milli þess sem hann kemur í heimsóknir. Hann er rosa stoltur af pabba sínum



Birgir Örn Sigurjónsson (Biggibix). Ljós: Baldur Páll Hólmgeirsson.

Semur flest lögin inni á klósetti

enda sjálfur að grúska í tónlist. Við náum vel saman á því sviði og það er mjög gaman og hollt fyrir okkur báða að eiga sameiginlegt áhugamál.

Dóttir mín hefur búið hjá móður sinni í Reykjavík frá því í ágúst á síðasta ári og ég hef verið einn. Ég hef því getað einbeitt mér að gerð plötunnar. Ef ég þarf að fylgja plötunni eftir að einhverju ráði gæti reynt á það. Maður tekur bara á því er að því kemur. Mér er sagt að það sé hægt að líkja þessu við sjómennsku. Ef vel gengur hjá tónlistarmanninum er mikið um fjarverur.

– Þarf maður frekar að hafa í huga hvaða boðskap lög manns hafa þegar maður er faðir?

„Það held ég ekki. Ef maður tjáir sig sem listamaður og er sannur sínu, þá hlýtur fjölskylda manns að skilja það og standa að baki manni, svo lengi sem það er innan siðsamlegra marka. Ég er

vaxinn upp úr því að hafa áhyggjur af því að textar mínir fari fyrir brjóstið á fólki eða að börnin mín þurfi að fara hjá sér við að hlýða á þá. Ég treysti mér fullkomlega til að axla þá ábyrgð.“

– Er erfiðara að leyfa sínum nánustu að heyra verkin þín en ókunnugum?

„Alls ekki. Fjölskyldan mín er vörn að hlusta á mig. Sérstaklega hefur mamma haft endalausa þolinmæði til að hlusta á mig. Alveg sama hvað hún var að gera, hún hætti um leið og ég bað hana að hlusta á eitthvað sem ég hafði samið. Og þá skipti engu hvort ég var sestur við píanóð eða með gítarinn í stofunni eða inni á klósetti þar sem flest mín lög eru samin.

Þegar ég var ungur spáði ég mikið í hvaða ímynd ég hefði, hvort ég væri rokkari eða poppari sem og hvað öðrum fyndist um verk mín. Eftir því sem ég hef

þroskast hefur þetta breyst og ég orðið öruggari. Svo lengi sem maður er stoltur af því sem maður gerir, þá skiptir ekki máli hvort það eru mínir nánustu sem hlýða á verkin eða einhverjir aðrir.“

Að meika það er eins og að vinna í lottói

– Hvað tekur við eftir að platan kemur út?

„Nú er nýtt ferli að hefjast. Nú þarf ég að fylgja plötunni eftir, vekja athygli á henni og reyna að selja hana. Draumurinn er að geta starfað sem tónlistarmaður en til þess að það rætist þarf maður að vinna mikið og það er hörkupúl. Miklu meiri vinna en ég gerði mér grein fyrir. Þetta er eins og hella sér út í fyrirtækjarekstur strax eftir grunnskóla. Útgáfa sem þessi kostar mikil fjárútlát og því verður maður að hafa trú

á því að maður sé með góða vöru í höndunum.“

– Er eina ráðið til að geta lifað á tónlist að komast á erlendan markað?

„Það er algjör misskilningur að halda að menn séu búnir að meika það við það að komast út. Samkeppnin þar er mun meiri en hér heima. Það má líkja þessu við að spila í Víkingalottóinu. Þar eru miklir peningar í boði, fleiri sem taka þátt og því minni líkur á að maður vinni. Í lottóinu hér heima eru lægri fjárhæðir í boði en að sama skapi meiri möguleiki á að vinna. Það eru kannski minni líkur á að manni takist að lifa á tónlistinni hérlandis en meiri möguleikar á að ná hærra. Erlendis er maður aftast í röðinni, í röð sem er margfalt lengri. Til að ná árangri þar, þarf mikið að gerast, maður þarf að vinna í Víkingalottóinu.

Það er frábært að fá athygli

hér á landi og að fá lögin spiluð. Ísland á mikið af góðum og metnaðarfullum hljómsveitum sem eru á heimsmeðlikvarða. Það er því bara heiður fyrir mig að komast í sæti við hliðina á þessu frábæra tónlistarfólki.“

– Eru einhver myndbönd væntanleg?

„Já, ég er líklega að fara að gera tvö myndbönd. Fyrsta myndbandið vinn ég með Localice Iceland genginu sem m.a. hefur gert myndband fyrir Dikta og Cliff Clavin. Að fyrirtækinu standa mjög efnilegir íslenskir strákar sem búa í Bretlandi. Það stendur til að gera myndband við Oh My, Oh My. Svo erum ég og Ísfirðingurinn Högni Marzellíus Þórðarson, sem vinnur fyrir Kukl í Reykjavík, að skoða hvort við getum ekki gert eitthvað sniðugt saman með eitthvert laganna.“ segir Biggibix.

– thelma@bb.is

Fimm hundruð milljóna tap á ári vegna lélegs afhendingaröryggis

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að ekki verði lengur unað við núverandi raforkukerfi á Vestfjörðum. Hefur hann sent sérfræðingi í iðnaðarráðuneytinu fyrirspurn um það hvort 61. grein EES samningsins gæti nýst til að þoka áfram málefnum Hvalárvirkjunar

í Ófeigsfirði á Ströndum. Greinin varðar aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagsvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. „Afhendingaröryggið er ekki



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

upp á marga fiska og er tap samfélagsins metið á einar 500 milljónir kr. árlega vegna orkutaps og vinnutaps og tjóns á tækjum sem af því leiðir. Þetta er í algjörum ólestri og verður ekki leyst nema með einhvers konar hringtengingu rafmagns,“ segir í bréfi Halldórs um samskipti hans við sérfræðing ráðuneytis sem lagt var fyrir bæjarráð á dögunum.

„Það sem virðist raunhæfasta lausnin til að bæta hér úr er virkjun Hvalár á Ströndum og lögn yfir Ísafjardardjúpi til Ísafjarðar. Það er a.m.k. mun ódýrari lausn en hringtenging sé miðað við skýrslu Landsnets. Þar er talað um 5-9 milljarða kr. lausnir.“ Halldór segir að vandamálið við Hvalárvirkjun sé að tengigjald Landsnets virðist standa í

vegi fyrir því að virkjunin verði hagkvæm. „Kosturinn er sá að þar með yrði afhending rafmagns tryggari og komin virkjun á Vestfjörðum sem myndi framleiða mikla raforku, á okkar mælikvarða, til viðbótar við það sem fyrir er.“ Halldór veltir upp þeirri spurningu hvort möguleiki sé á beitingu ríkisstyrkja í þessu samhengi. – *thelma@bb.is*



ÚTBOD

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í eftirfarandi verk „Íþróttahúsið við Austurveg – gluggaskipti“ og „Íþróttahúsið á Torfnesi – gólfviðgerðir.“
Útboðsgögn verða afhent hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, frá og með 31. mars nk. Tilboðin verða opnuð á bæjaraskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu **13. apríl 2010 kl. 11:00 og 11:30** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.
Sviðstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

Að smala köttum

Stakkur skrifar

Ýmislegt hefur orðið til þess að draga athyglina frá vettvangi stjórnmálanna. Fyrst og fremst er að telja eldgos á Fimmvörðuhálsi. Sem betur fer varð það ekki undir jökli og olli ekki flóðum í byggð. Hinsvegar hefur það kallað fram viðbrögð almennings. Mikið skortir á nægilega aðgæslu fólks sem fer ekki að fyrirmælum lögreglu og almannavarna varðandi heimsóknir að eldstöðvunum. Þar birtist eðli margra Íslendinga, að fara ekki að reglum og fyrirmælum og sýna fullkomið agaleysi. Það gera menn þótt þeir ættu að vita betur. Kann þar að vera komin skýring á óföllum okkar í efnahagslífinu. Við förum okkar fram óháð reglum, boðum og bönnum.
Ýmiss sigur hefur unnist á stjórnmálasviðinu. Nektardans hefur verið bannaður og einnig ljósabekkjaferðir fólks yngra en 18 ára. Lítið bolar reyndar á lausn stóru málanna. Enn eru mörg vandamál óleyst varðandi skuldir fólks og heimila. Bilalán í erlendri mynt sem leysa átti með „myndarlegum“ hætti eru komin í biðstöðu, enda ljósabekkjamálið í forgangi. Ljóst er líka að stórskuldir svokallaðra auðmanna eru að leysast. Ekki verður betur séð en þær hverfi í gjaldþrotum eða verði einfaldlega gefnar eftir í bönkunum. Við munum því eiga okkar stórkostlegu auðmenn áfram sem reka fjölmiðlafyrirtæki og stýra umfjöllun fjölmiðla eftir sem áður.
Sú hugsun leitar á marga að ekki verði lengur beðið með forgangsroðun verkefna til endurreisnar íslensks samfélags. Það

verður erfitt en réttlætir það ekki að skjóta á frest brýnum verkum. Ríkisstjórnin á við innri vanda að stríða. Samstöðu skortir og nú er ljóst að forsætisráðherra hefur greint vandann. Hann er sá að erfitt er að smala köttum. Hverjir eru kettirnir? Þeir eru vinstri grænir, en það er óvenjulegur litur á köttum. Öðru vísi verða ummæli forsætisráðherra ekki skilin. Nú hafa þingmenn Vinstri grænna verið kallaðir á fund. Vont mun vera að smala köttum. Kettir eru almennt álitnir lítt agaðir.
Hvað sem öðru líður er ljóst að samheldni í liði ríkisstjórnarinnar er ekki áberandi. Skoðanir á aðild að Evrópusambandinu eru gerólikar meðal stjórnarflokkanna. Sú förn var lítil til að ná saman um ríkisstjórn. Eru brestir að koma í ljós? Þjóðin þarf að standa saman og stjórnmálaflokkar ættu að hafa um það forystu á erfiðum tímum. Sú spurning vaknar hvort traust sé nægilegt á Alþingi til þess að mynda samstöðu.
Talað var um stjórnartíð Jörundar 1809 sem hundadagastjórn og hann kenndur við þá daga. Óneitanlega væri spaugilegt að núverandi ríkisstjórn fengi viðurnefnið kattastjórn í framtíðinni. Kannski verða þessi bráðskemmtilegu ummæli á flokksþingi Samfylkingar til þess að nú verði settur í það kraftur að rannsaka hvernig köttum verði smalað. Ótrúlegt er að ummælin hafi verið sett fram til að hrósa. Þetta kann að vera vísbending um mikið óþol í samstarfi ríkisstjórnarinnar þegar þörf er sameinaðra krafta. Það er ekki góðs viti.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til sölu eru tvö hundabúr og svo til ónotaðar Andy hunda-hárklippur. Upplýsingar í síma 866 4655.

Til sölu er Ford Explorer XLT Sport 4.0 árg. 2005. Er vel með farinn. Leður, bakkvörn, spólvörn, húddhlíf, gluggahlífir o.fl. Uppl. í síma 864 4032.

Hvíttað viðarrúm með nýlegri dýnu fæst fyrir lítið. Upplýsingar í síma 863 4681.

Til sölu eða leigu er 118m² íbúð í miðbæ Ísafjarðar. Laus um mánaðarmótin apríl-mai. Uppl. í sínum 896 2890 eða 856 4804.

Kvenfélagið Brynja verður með sitt árlega páskaþing laugardaginn 3. apríl kl. 14 í Félagsheimilinu á Flateyri. Margt góðra vinninga. Styrkjum gott málefni.

Næsta tölublað BB kemur út föstudaginn 2. apríl. Gleðilega páska!

Árið 2011 lítur vel út

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, sótti árlega kaupstefnu og ráðstefnu um siglingar skemmtiferðaskipa í Miami á Flórída í Bandaríkjunum á dögunum. „Ráðstefnan í ár var í minna lagi miðað við umfang undanfarinna ára. Stóru skipafélögin eru sterk, en þau minni eru eitthvað farin að draga saman seglin.“ Ráðstefnan er liður í langvarandi markaðsstarfi sem staðið hefur yfir hjá Ísafjarðarhöfn um árabíl til að fjölga komum skemmtiskipa til Ísafjarðar. Það virðist hafa borið árangur sem skyldi, Ísafjarðarhöfn er þriðja stærsta höfn landsins er kemur að móttöku skemmtiferðaskipa og aldrei hafa fleiri boðað komu sína vestur á firði en í ár. Að sögn Guðmundar líta bókanir einnig vel út fyrir næsta ár. „2011 lítur ágætlega út, nú þegar hafa 20 skip bókað komu sína svo það er allt á góðu róli.“

Tuttugu og níu skip hafa bókað komur sínar vestur í ár og koma sum þeirra oftast en einu sinni.



Costa Magica er eitt þeirra skipa sem boðað hafa komu sína vestur í sumar.

„Svo eru nú alltaf einhverjar hræringar í þessu, maður veit ekki hvort einhver skip detti út eða önnur bætist við. Það skýrist þegar nær dregur,“ segir Guðmundur. Næsta verkefni Guðmundar

hefur þó ekkert með skemmtiferðaskip að gera en hann er einn skipuleggjenda tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður. „Við erum í góðu stuði fyrir Aldrei fór ég suður og það stefnir í að þetta

verði þrusu hátíð. Mörg heit bönd heiðra okkur með nærveru sinni og heimamennirnir eru einnig öflugir í ár. Þetta verður flott,“ segir Guðmundur.

– thelma@bb.is

Hjúkrunarheimili byggt á næsta ári?

Ekkert er því til fyrirstöðu að ráðist verði í framkvæmdir við byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði á næsta ári. Þetta kom fram í máli Árna Páls Árnasonar, félagsmálaráðherra, á Alþingi en hann tók þó fram að orð sín væru með þeim fyrirvörum að þar sé þörf á hjúkrunarrýmum og fjármunir til reksturs. Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Framsóknarflokks, spurði félagsmálaráðherra út í málið og benti á að Ísafjörður væri ekki inn í áætlunum félagsmálaráðherra um fjölgun hjúkrunarrýma á næstu árum.

Árni Páll sagði ekki rétt að Ísafjörður væri ekki inni í áætlunum. Hann sé á sama stað og áður og gert ráð fyrir þrjátíu rýmum. Hins vegar verði farið yfir þörfina og sé hún sú sama.

Fasteignamatið lægst á Patreksfirði

Fasteignamat er lægst á Patreksfirði samkvæmt samanburði Fasteignaskrár Íslands á sambærilegri eignum vítt og breitt um landið, en þar er matið 7,9 milljónir. Þetta kom í ljós er Bygðastofnun fékk Fasteignaskrá Íslands til að reikna út fasteignamat á sambærilegri fasteign í 25 þéttbýlisstöðum vítt og breitt um landið. Jafnframt var reiknað út fasteignamat viðkomandi húss og lóðar miðað við meðaltals fasteignamat á höfuðborgarsvæðinu.

Matið miðast við verðlag í febrúar 2009 og gildir frá 31. desember 2009. Fjórir þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum voru með í samanburðinum. Hæsta matið var á Ísafirði eða 16,7 milljónir

króna en því næst kom Hólmavík þar sem matið var 10,9 milljónir. Næst lægsta matið er í Bolungarvík eða 8,8 milljónir. Af þeim þéttbýlisstöðum sem skoðaðir voru er matið hæst í Keflavík eða 25,8 milljónir og á Akureyri 25,6 milljónir. Fasteignamat húss og lóðar á höfuðborgarsvæðinu, miðað við meðaltalið, er 34,2 milljónir.

„Nú er eldra fasteignamat ekki lengur framreiknað frá ári til árs heldur er hver fasteign endurmetin árlega í ljósi kaupsamninga sem gerðir hafa verið um sambærilegar eignir. Samanburður við fyrri ár er því erfiður,“ segir á vef Bygðastofnunar þar sem hægt að nálgast nánari upplýsingar um samanburðinn.



Hæsta matið var á Ísafirði eða 16,7 milljónir króna.

Miklir möguleikar fólgnir í Grænlandssetri

Á stofnfundi Grænlandsseturs í Bolungarvík var varpað fram þeirri hugmynd að Vestfirðir yrðu taldir með stærsta þjóðgarði í heimi sem er á vesturströnd Grænlands. Kom það fram í máli Úlfars Ágústssonar, áhugamanns um Grænland til margra ára, en hann telur að saman hafi svæðin upp á mikið að bjóða fyrir ferðafólk. Úlfar setti út á hömlur sem settar hafi verið á flug frá Ísafirði til Grænlands vegna nýrra reglna um flugvelli. Á fundinum tók Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, einnig til máls en hann telur Grænlandssetur hafa mikla möguleika enda verkefni næg sem tengst samskiptum þessara landa. Nefndi hann að á Grænlandi væru ýmis verkefni í gangi sem tengdust vinnslu jarðefna og öðrum verkefnum.

Elías sagði að húsnæði stæði til boða fyrir starfssemi setursins að Vitastíg 1 þar sem félagsmiðstöð unglinga væri til húsa. Miklir möguleikar væru á að samþætta þessa starfssemi þar inn í og ef haldnar væru sýningar á

sumrin á vegum Grænlandsseturs væru sú aðstaða góð til slíks. Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður og varaformaður í Vestnorræna ráðinu, sagðist hafa áhuga á því að styrkja væntanlegt Grænlandssetur eins og hún gæti á þeim vettvangi. Hún greindi frá nýlegum fundi hennar og Josef Motzfeldt frá Grænlensku heimastjórninni þar sem hún sagði honum frá hugmyndum um setrið. Hafi honum litist vel á og verið mjög jákvæður varðandi hugmyndina. – thelma@bb.is



Frumherji
Skipaskoðun

Verðum á Vestfjörðum dagana 12.-16. apríl 2010.
Vinsamlegast pantið skoðun í síma 860 8378 (Stefán Hans).



Fermingar vorið 2010

Ísafjarðarkirkju á skírdag 1. apríl kl. 14:00

1. Andri Þór Kristjánsson, Urðarvegi 41, 400 Ísafirði
2. Aron Ottó Jóhannsson, Fagraholti 2, 400 Ísafirði
3. Dagur Elí Ragnarsson, Hrannargötu 1, 400 Ísafirði
4. Elena Dis Viðisdóttir, Hafnarstræti 19, 400 Ísafirði
5. Hálfán Jónsson, Hafraholti 50, 400 Ísafirði
6. Málfríður Arna Helgadóttir, Sunnuholti 1, 400 Ísafirði
7. Rakel Þorbjörnsdóttir, Sindragötu 4, 400 Ísafirði
8. Samúel Jóhann Andersen, Hlíðarvegi 33, 400 Ísafirði
9. Sólveig María Hallvarðsdóttir Aspelund, Fífutungu 3, 400 Ísafirði

Ísafjarðarkirkju sunnudag 18. apríl kl. 11:00

1. Aðalheiður Bára Hjaltadóttir, Hafnarstræti 8, 400 Ísafirði

Ísafjarðarkirkju laugardag 24. apríl kl. 11:00

1. Benedikt Páll Jónsson, Lyngholti 2, 400 Ísafirði
2. Hrólfur Ólafsson, Engjavegi 12, 400 Ísafirði
3. Sigrún Gunnðís Harðardóttir, Fjarðarstræti 35, 400 Ísafirði

Ísafjarðarkirkju sunnudag 9. maí kl. 11:00 (1)

1. Guðmunda Líf Gísladóttir, Fjarðarstræti 4, 400 Ísafirði

Ísafjarðarkirkju 16. maí kl. 11:00

1. Jakob Fannar Magnússon, Hlíðarvegi 22a, 400 Ísafirði
2. Sara Rut Snorradóttir, Fjarðarstræti 4, 400 Ísafirði
3. Sigurður Aron Snorrason, Fjarðarstræti 4, 400 Ísafirði

Hnífsdalskapellu á hvítasunnudag 23. maí kl. 11:00

1. Aron Óli Arnarson, Bakkavegi 17, 410 Hnífsdal
2. Ástrós Davíðsdóttir, Heiðarbraut 14, 410 Hnífsdal
3. Laufey Hulda Jónsdóttir, Bakkavegi 37, 410 Hnífsdal
4. Luisa Kristjana Hreinsdóttir, Bakkavegi 12, 410 Hnífsdal
5. Birta G. Rúnarsdóttir, Erlevegen 74, 4700 Vennesla, Noregi

Ísafjarðarkirkju á hvítasunnudag 23. maí kl. 14:00

1. Arna Kristbjörnsdóttir, Brautarholti 2, 400 Ísafirði
2. Elvar Ari Stefánsson, Brautarholti, 400 Ísafirði
3. Haraldur Jóhann Hannesson, Daltungu 1, 400 Ísafirði
4. Hákon Ari Halldórsson, Hafraholti 38, 400 Ísafirði
5. Helgi Snær Bergsteinsson, Sundstræti 32, 400 Ísafirði
6. Katrín Emma Stöcklin, Norðurvegi 2, 400 Ísafirði
7. Kjartan Elí Guðnason, Árholti 12, 400 Ísafirði
8. Lára Margrét Lárusdóttir, Hlíðarvegi 42, 400 Ísafirði
9. Lilja Júlíusdóttir, Skipagötu 4, 400 Ísafirði
10. Margrét Rún Rúnarsdóttir, Tangagötu 4, 400 Ísafirði
11. Melkorka Ýr Magnúsdóttir, Brautarholti 4, 400 Ísafirði
12. Ómar Karvel Guðmundsson, Hlíðarvegi 12, 430 Suðureyri
13. Óskar Ingi Stefánsson, Bakkavegi 29, 410 Hnífsdal
14. Sigurður Bjarni Bergvinsson, Bakkavegi 29, 410 Hnífsdal
15. Þórarinn Kristinn Óskarsson, Sundstræti 28, 400 Ísafirði

Ísafjarðarkirkju á sjómannadag 6. júní kl. 14:00

1. Andrea Valgerður Jónsdóttir, Seljalandi 9, 400 Ísafirði
2. Andri Freyr Sveinsson, Hrannargötu 2, 400 Ísafirði
3. Árni Sverrir Sigurðsson, Skógarbraut 3, 400 Ísafirði
4. Bernharð Th. Överby, Hlíðarvegi 23, 400 Ísafirði
5. Egill Jónsson, Fjarðarstræti 47, 400 Ísafirði
6. Hákon Jónsson, Eyrargötu 3, 400 Ísafirði
7. Hrefna Fanney Rögnvaldsdóttir, Akurgerði 3f, 600 Akureyri
8. Lovísa Ósk Halldórsdóttir, Norðurvegi 3, 400 Ísafirði
9. Rósa Överby, Hlíðarvegi 23, 400 Ísafirði
10. Rúnar Örn Jónasson, Dalbraut 10, 410 Hnífsdal
11. Samúel Þórir Grétarsson, Urðarvegi 4, 400 Ísafirði
12. Sigurður Steinberg Stefánsson, Hrannargötu 2, 400 Ísafirði
13. Þormóður Eiríksson, Aðalstræti 12, 400 Ísafirði.

Fornleifar í Ögri í benda til búsetu fyrir landnámsárið

Aldursgreiningar á fornleifum í Ögri í Ísafjarðardjúpi benda til allnokkru hærri aldurs en 871 sé miðað við tímasetningu á landnáminu í Reykjavík samkvæmt Landnámssýningunni í Aðalstræti í borginni. Samkvæmt niðurstöðum geislakolsaldursgreininga á birkitrjágreinamolum (kurli) kol-uðum af heimamönnum í Ögri úr könnunarskurði við austurgötu Ögurhússins eru þeir frá 8. og 9. öld, n.t.t. frá tímabilunum 815-885 og 725-790. „Aldursgreininga niðurstöðurnar í Ögri vekja óneitanlega athygli því að þess höfuðbóls við (matarkistuna) Ísafjarðardjúp er ekki getið í Landnámubókum sem ritfærðar voru mörgum öldum eftir að land byggðist fyrst þegar í landinu ríkti innanlandsstýrjöld um jarðeignir og völd? Ekki síst kirkjustaði sem Ögur var samkvæmt kirknaskrá Skálholtsbiskupsdæmis frá um 1200,“ segir Margrét Hermanns Auðardóttir, forn-

leifafræðingur.

Hún bendir á að í tveimur gerðum Landnámu sem ná til matarkistunnar Vestmannaeyja er tilgreint að engra manna veturseta hafi verið í Eyjum á landnáms-tíma, þó svo að fornleifarannsóknir hafi leitt í ljós að blómleg fóst byggð hafi verið í Herjólfssdal á 8.og 9. öld? Það er fyrir eldgosin sem landnámsgosaskan frá 871+/- 2 ár er upprunnin frá og greina mátti í mannvistarlagi í bæjarstæði í Herjólfssdal. „Rannsóknaniðurstöður á æ fleiri byggðaminjum á fastalandinu benda einnig til að skipulegt landnám bænda (en ekki víkinga) hafi hafist allnokkru fyrr en „hefðbundin“ tímasetning á „upphafi“ landnáms til 870-874 sem byggja á sögnum sem ritfærðar voru mörgum öldum síðar,“ útskýrir Margrét.

Margrét segir jafnframt: „Samt sem áður teljast þessar niðurstöður í fornleifarannsóknum og

grunnrannsóknunum á landnámsminjum „ekki marktækar“ í helsta háskóla landsins í Reykjavík þar sem „fornleifafræði“ var sett niður sem undirgrein við sagnfræði hér um árið, þó óskyld háskóla-fög séu? Því að þær aðferðir sem beitt er í uppgröftum og grunnrannsóknunum á jarðföstum fornleifum eiga mikið skylt við aðferðir sem beitt er í náttúruvísindum og skyldum raungreinum, en eiga lítið ef nokkuð skylt við þær sem beitt er í sagnfræðirannsóknunum.

Og því réttmæt spurning hvort fornleifafræði eigi ekki betur heima og fengi þann sess sem henni ber við háskóla eða háskólasetur á landsbyggðinni til styrktar fornleifarannsóknunum og „lögboðinni“ fornleifavernd í dreifðum byggðum landsins? Því að megnið af fornleifaarfinum er finna utan höfuðborgarsvæðisins og því til marks um allt aðra og jafnari búsetu í landinu en nú er.“



Frá Aldrei fór ég suður í fyrra.

Aldrei fleiri atriði á Aldrei fór ég suður

Rokkhátið alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, hefst á morgun föstudag og verður framhaldið á laugardag. Aldrei hafa jafn margir listamenn komið fram á hátíðinni og í ár en alls hefur verið tilkynnt um 36 atriði. Meðal listamanna sem koma fram má nefna Hjaltalín, reggihljómsveitina Hjálmar, Mugison, Ólöf Arnalds, Lay Low, hjartaknúsarana í Ingó og

Veðurguðina, Biggabix, ísfirski drengjakórinn Konráð, rapparann unga MC Isaksen, rokkhundana í Nine Elevens og Urmul.

Þeir listamenn sem koma fram á hátíðinni í ár eru: Stjörnuryk, MC Isaksen Klikkhausarnir, Hjálmar, Rúnar Þóris, Mugison, Yxna, Ólöf Arnalds, Bloodgroup, Urmull, Dikta, Hjaltalín, Bróðir, Svartúlfs Lára Rúnar,

Pollapönk, Mið-Ísland, Lay Low, Sigríður Thorlacius, Morðingjarnir, Hudson Wayne, Sólinn frá Sandgerði, Rúnar Þór, Geirfuglarnir, Ingó og Veðurguðirnir, Biggibix, Orphic Oxta, Skúli hinn mennski og Grjót, Tom Hannay, Ugly Alex, Jitney, Kort-er í þrjú, Biogen, Drengjakórinn, Konráð, Sesar A, BlazRoca og NineElevens. – kristjan@bb.is



Sjóstangaveiðibátar Hvíldarkletts ehf. á Suðureyri og Flateyri, eru nú skráðir með frístundaveiðileyfi í stað atvinnuveiðileyfis áður.

Bátar með frístundaveiðileyfi eigi kost á byggðakvóta

Hvildarklettur ehf. á Suðureyri hefur óskað eftir því við Ísafjarðarbæ að sveitarfélagið hlutist til um að í fyrstu grein reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á núgildandi fiskveiðarári, þar sem segir að úthluta skuli aflamarki til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, komi innskot þannig að í greininni sé einnig talað um skip sem hafa leyfi til frístundaveiða samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Bréf frá Hvíldarkletti ehf. varðandi úthlutunarreglu byggða-

kvóta var tekið fyrir á bæjarráðsfundi. Í bréfinu kemur fram að sjóstangaveiðibátar Hvíldarkletts ehf. á Suðureyri og Flateyri, séu nú skráðir með frístundaveiðileyfi í stað atvinnuveiðileyfis áður. Þetta veldur því að þessir bátar eiga ekki lengur kost á að sækja um byggðakvóta á þessum stöðum. Bæjarráð hefur falið bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga um málið.

Í reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2009/2010 segir að úthluta

skuli aflamarki til fiskiskipa sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, við lok umsóknarfrests. Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. febrúar 2010 og Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. febrúar 2010. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Fermingar 2010

Fermingar í Staðarprestakalli 2010

Suðureyrarkirkja á hvítasunnudag klukkan 14:00:
Hrafnkell Hugi Vernharðsson, Aðalgötu 37, 430 Suðureyri

Súðavíkurkirkja á hvítasunnudag klukkan 16:00:
Hrafnhildur Líf Pétursdóttir, Holtagötu 2, 420 Súðavík
Jón Arnór Þorsteinsson, Arnarflöt 5, 420 Súðavík
Slavyan Yordanov Yordanov, Sölbakka, 420 Súðavík

Súðavíkurkirkja laugardaginn 26. júní klukkan 14:00:
Egill Bjarni Helgason, Hlíðargata 5, 420 Súðavík

Ögurkirkja, laugardaginn 5. júní klukkan 14:00
Sigríður Salvarsdóttir, Vigur 401 Ísafirði

Fermingarbörn í Bolungarvík 2010

Skírdagur 1. apríl kl. 11:00
Daði Arnarsson Hólastíg 5
Sigríður Magnea Jónsdóttir Hjallastræti 16
Sigurður Bjarni Benediktsson Hlíðarvegi 15

Sunnudagur 2. maí kl. 11:00
Hermann Andri Smelt Þjóðólfsvegi 9
Kristín Dóra Magnúsdóttir Traðarlandi 3

Hvítasunnudagur 23. maí kl. 11:00
Arngrímur Húni Guðmundsson Traðarlandi 13
Fylkir Eyberg Jensson Völusteinsstræti 28
Ingólfur Daði Guðvarðarson Hlíðarstræti 12
Jasmine Cherise Hauksdóttir Þjóðólfsvegi 5
Sara Dögg Þrándardóttir Traðarlandi 18
Thelma Kristín Finnbogadóttir Holtastíg 13

Páskar á Ömmu Habbý

Miðvikudagurinn 31. mars

Gummi Hjalta og Denni spila lifandi tónlist frá 23:00 - 03:00 - Frítt inn

Fimmtudagurinn 1. apríl

Spurningakeppninn Drektu Betur frá 22:00 - 00:00

Föstudagurinn 2. apríl

Gautur spilar lifandi tónlist af bestu gerð frá 00:00 - 04:00 - Frítt inn

Laugardagurinn 3. apríl

DJ Hálf dán þeytir skífum framm á rauða nótt 23:00 - 03:00 aðeins 1000 kr og innifalinn er frír stór af krana

Sunnudagurinn 4. apríl

SSSól með Helga Björns í fararbroddi halda stórdansleik í Edinborgarhúsinu 00:00-04:00 miðaverð aðeins 2.500 kr (uppselt hefur verið á þennan viðburð undanfarinn ár og eru því einstaklingar hvattir til að tryggja sér miða í tæka tíð.

🇮🇹 Matur:

Ítalsk þema um Páskanna á Ömmu Habbý
Gestakokkur sem sérhæfir sig í ítalskri matargerð reiðir fram gómsætan ítalskan mat
Einnig verður boðið upp á ekta glóðsteikta hamborgara og þess háttar.

Opnunartími:

Miðvikudagur 31 mars - (11:30 - 03:00)
Fimmtudagur 1 apríl - (11:00 - 00:00)
Föstudagur 2 apríl - (11:00 - 04:00)
Laugadagur 3 apríl - (11:00 - 03:00)
Sunnudagur 4 apríl - (11:00 - 04:00)
Mánudagur 5 apríl - (11:00 - 01:00)



Sími: 456-6660

Aldrei fór ég suður

Rokkhátíð Alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, verður haldin í sjötta sinn á föstudag og laugardag. Hátíðin verður haldin í húsnæði KNH á Grænagarði og alls eru 37 atriði á dagskránni. Blaðið hefur tekið saman atriðin sem koma fram á hátíðinni ár. Fjallað er lítillega um hvert þeirra en listinn hér að neðan er í handa-hófskenndri röð.

Ólöf Arnalds gaf úf fyrstu plötu sína árið 2007 sem nefndist Við og við en platan fékk frábæra dóma hjá plötuútgefendum um allan heim. Ólöf leikur ljúfa tónlist á alls kyns strengjahljóðfæri ásamt því að syngja sem engill. Ólöf lauk upptökum á nýrri plötu á síðasta ári en áætlað er að hún komi út í vor á þessu ári.

Bloodgroup spilar danstónlist í hæsta gæðaflokki en hljómsveitin samanstendur af systkinum að austan og hressum Færeying. Hljómsveitin kom fram á Aldrei fór ég suður fyrir þremur árum við góðar undirtektir ásamt því að leika á skemmtistöðum bæjarins. Hljómsveitin gaf út plötuna Sticky Situation í nóvember 2007 en hefur nýlega gefið sína aðra breiðskífu sem ber nafnið Dry Land. Vinnsla plötunnar hefur tekið um tvö ár en hljómsveitin hefur verið mikið á ferðalagi um allan heim að undanförmu.

Urmull er eitt heitasta atriðið á hátíðinni í ár. Að öðrum ólöstuðum hlýtur endurkoma ísfrisku gruggsveitarinnar Urmuls að vekja mesta lukku en þessi ísfríska hljómsveit naut mikilla vinsælda á tíunda áratugnum og átti sér stóran aðdáendahóp á Ísa-firði og víðar. Sveitin samanstóð af Ísfirðingum og einum Hnífisdæling. Urmull á nokkra slagara sem nutu töluverðra vinsælda á sínum tíma en hljómsveitin gaf út plötuna „Ull á víðavangi“ árið 1994. Platan hefur verið endurútfengin í takmörkuðu upplagi í tilefni af endurkomunni en hún var bæði endurhljóðblönduð og umslag hennar skreytt að nýju.

Dikta er ein vinsælasta hljómsveit landsins um þessar mundir en hljómsveitin gaf nýlega út sína þriðju plötu, Get it together, sem hefur notið gríðarlegra vinsælda og lög sveitarinnar hafa ómað í útvarpstækjum landsmanna að undanförmu og má þar helst nefna smellinn Thank You. Það eru margir sem bíða spenntir eftir þessu atriði enda á hljómsveitin



aðdáendur á hverju strái.

Hjaltalín er löngu orðin þekkt fyrir tónlist sína sem einkennist af ævintýrlegum popplögum sem njóta stuðnings strengja-sveita og blásara. Hljómsveitin fékk verðlaun fyrir popplötu ársins fyrir plötuna Terminal á Íslensku tónlistarverðlaununum á dögumum. Söngkona sveitarinnar, Sigríður Thorlacius, fékk einnig verðlaun fyrir rödd ársins. Það er því ljóst að hljómsveitin mætir hlaðin verðlaunum til leiks þetta árið.

Bróðir Svartúlfs er norðlensk hiphop hljómsveit eins og það gerist best. Hljómsveitin er ein fjölmargra hljómsveita sem slegið hafa í gegn í Músiktilraunum Tónabæjar en þeir lýsa tónlist sinni sem blöndu af rokkurinum í Race Against the Machine og íslensku náttúrusveitinni Sigur-rós.

Lára Rúnars er ættuð frá Ísa-firði en söngkonan gaf nýlega út sína þriðju breiðskífu sem ber heitið Surprise. Á plötunni má finna hressar melóðir og skemmtilega texta. Lag Láru, In between, hefur ómað á öldum ljósvakans að undanförmu og það er örugglega ófáir sem hafa raulað viðlag-lagsins er þeir ganga erinda sinna. Lára kemur fram með fullskipað band með sér en hún spilar á hljómborð ásamt því að syngja.

Pollapönk er hljómsveit fyrir alla. Þó svo að lög hljómsveitarinnar séu ætluð yngri kynslóðinni eru þau líka fyrir konur og kalla,

krakka með hár og einnig kalla með skalla. Pollapönk er skipað afskaplega barngóðum rokkurum að sunnan en hljómsveitin hefur verið starfrækt í nokkur ár og skemmt börnum víða um land við góðar undirtektir. Hljómsveit sem ekkert barn má láta fram hjá sér fara, né fullorðinn.

Mið-Ísland er uppistandshópur sem skipa nokkrir af fyndnari einstaklingum landsins. Meðal uppistandara í hópnum má nefna Ara Eldjárn, Dóra DNA og Sprengjuhallarmeðliminn Berg Ebba Benediktsson, en takmark hópsins verður að fá gesti hátíðarinnar til að skella upp úr.

Lay Low heitir réttu nafni Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir en hún sló fyrst í gegn árið 2006 með sinni fyrstu plötu sem bar nafnið Please Don't Hate Me. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar en ásamt því að gefa út fleiri plötur hefur Lay Low mikið verið að spila í útlöndum að undanförmu. Lay Low spilar blús og kántrítónlist af bestu sort og ekki skemmri fyrir fögur rödd söngkonunnar.

Morðingjarnir eru ein hressasta pönksveit landsins og spilar stuðvænt pönkrokk sem meðlimir vilja kalla „slobbí skítapönk“. Meðlimirnir eru þrír en þeir gáfu út plötuna Flóttinn mikli seint á síðasta ári. Morðingjarnir hafa nokkrum sinnum komið fram á Aldrei fór ég suður við góðar undirtektir pönkpýrstra hátíðargesta.

Hudson Wayne er fyrsta hljómsveitin sem steig á svið þegar hátíðin var fyrst haldin árið 2004. Hljómsveitin þurfti því miður að bera hitann og þungann af byrjunarörðugleikum hátíðarinnar en eru nú boðnir velkomnir aftur. Fjölhæf hljómsveit sem snýr nú aftur til þess að skemmta hátíðargestum.

Sólinn frá Sandgerði er ein efnilegasta og á sama tíma sú allra reyndasta er kemur að sveitaballamarkaðinum, a.m.k. í heimi sjónvarpsins. Aðstandendum hátíðarinnar hefur tekist að fá þessa sköglöðustu hljómsveit landsins til Ísafjarðar en af meðlimum hljómsveitarinnar ber helst að nefna stemmings-trölíð Kidda Casio sem er ekkert heilagt þegar á hólminn er komið. Búast má við sveitaballastemmingu á heimsklassa þegar Sólinn stígur á svið.

Rúnar Þór eða Rúnar Péturs Geirs eins og hann er betur þekktur fyrir vestan er tónlistarmaður af gömlu kynslóðinni og stútfullur af reynslu. Meðal laga sem Rúnar hefur gert ódauðleg má nefna 1.12.89 og Maria Isabel. Fallegar píanólinur einkenna tónlist Rúnars en þó má ekki gleyma leðurjakkanum og sólgleraugunum.

Geirfuglarnir eru mennirnir sem byrjuðu í dag að elska. Töluverðar mannabreytingar hafa verið í hljómsveitinni frá því að hún var stofnuð árið 1991. Hljómsveitin hefur oftast gengið

undir því að vera polkaband en það sem margir vita ekki er að tónlistarstefnur setja þessu hressu mönnum engin skilyrði. Eitt er víst að hér verður ekkert gefið eftir í stemmningu.

Ingó og Veðurguðirnir verða með gestalistann í farteskinu í ár þó svo að engan gestalista þurfi á Aldrei fór ég suður, hátíðin er opin öllum. Hljómsveitin varð til árið 2003 en naut gríðarlegra vinsælda síðasta sumar og þá helst fyrir tilstilli sumarsmellins Bahama sem tröllríðið hefur öllum útvarpstækjum landsmanna. Hér eru atvinnumenn í stuði á ferðinni sem er bókaðir á hverri helgi út árið

Biggibix hélt fyrstu tónleika sína í kjallara íbúðablokkarinnar þar sem hann ólst upp en hefur komið víða við síðan. Birgir Örn Sigurjónsson eins og hann heitir fullu nafni var söngvari í vestfirsku sveitaballabandinu BMX á sínum tíma en að undanförmu hefur hann verið við upptökur á sinni fyrstu breiðskífu sem leit dagsins ljós í síðustu viku. Platan kemur sjóðandi heit frá prentsmiðjunni og það gerir Biggibix líka. Tónlist kappans er allt frá rokki til ljúfra ballaða en með Biggabix á sviðinu verða margir af sonum Ísafjarðarbæjar sem getið hafa sér gott orð í tónlistarlífinu.

Orphic Oxta er fjórtán manna hljómsveit sem spilar búlgarska Balkantónlist með slavnesku yfirbragði. Hér er engin venjuleg

hljómsveit á ferðinni en um er að ræða hressa og hraða tónlist þar sem klarinett, fiðla og ýmis blásturshljóðfæri eru í forgrunni. Meðlimir hljómsveitarinnar eru allir nemendur við Listaháskóla Íslands og tveir þeirra frá Ísafirði. Það verður athyglisvert að sjá þessa stórsveit koma sér fyrir á sviðinu og spennandi verður að heyra tónlist hljómsveitarinnar sem ætlar eingöngu að flytja frumsamin Balkanlög.

Sigríður Thorlacius hefur sungið sig inn í hjörtu landsmanna að undanfögnu með hljómsveitinni Hjaltalín. Hún hefur einnig sungið með Megasi og mörgum landsþekktum söngvörum. Sigríður gaf einnig út plötu með heiðurspiltunum sínum og var nýverið kosin Rödd ársin á Íslensku tónlistarverðlaununum. Það verður því fróðlegt að sjá hvað þessi stórgóða söngkona hefur upp á að bjóða.

Biogen spilar tilraunakennt rafpopp en aðstandendur hátíðarinnar hafa boðið þessum tónlistarmanni að koma aftur á hátíðina í ár. Hér er á ferðinni tónlistarmaður sem hefur haft mikil áhrif á íslensku raftónlistarbylgjuna og búast má við dillandi hausum og búkum þegar Biogen sýnir töfra sína.

Skúli mennski lauk nýverið upptökum á sinni fyrstu hljóðversplötu með hljómsveitinni Grjót. Kröftug rödd Skúla og textar um lífið svikja engan. Plötu Skúla er að vænta eftir páska en þennan hressa kennaranema og pylsusala þekkja flestir Ísfirðingar sem þekktastur er fyrir að syngja bæði rólæg og hress blúsög. Skúli var lengi trúbador en að undanfögnu hefur hann mikið komið fram með hljómsveit sinni og mun ekki bregða út af vananum í þetta sinn.

Stjórnuryk eru fjórir rapparar að vestan sem yrkja rímur um blákaldan raunveruleikann. Hljómsveitin steig á svið á Aldrei fór ég suður í fyrra við góðar undirtektir hátíðargesta og búast má við að meira verði lagt í sölnurnar í þetta skiptið. Tónlist þeirra félaga er beinhörð og hnyttin. Rapparar af guðs náð sem munu hrista vel upp í mannskapnum.

MC Isaksen er einn yngsti rappari landsins. Þessi 10 ára ísfirski rappari er svo sannarlega hæfileikaríkur og er óhætt að segja að framtíð vestfirskra hip-hopsins sé björt. MC Isaksen rappar m.a um bókasafnið, seðla og sátta.

Klikkhausarnir eru alvöru rokkarar úr Grunnskólanum á Ísafirði. Hér er það trymbillinn sem syngur en hljómsveitin er þekkt fyrir kröftuga framkomu og mikla hæfileika þrátt fyrir ungan aldur. Hér eru prúðir piltar á ferð sem umbreytast í rokkvél þegar stigið er á svið. Þessum strákum er ekkert heilagt og verður tilgangur þeirra á hátíðinni að

sprengja þakið af húsinu.

Hjálmar er ein vinsælasta hljómsveit landsins um þessar mundir en þeir gáfu út plötuna IV á síðasta ári. Platan var m.a. tekin upp í Tuff Gong og Harry J Studio á Jamaíka en þar fékk hljómsveitin til liðs við sig ýmsa innfædda tónlistarmenn sem settu mark sitt á plötuna. Meðal laga hljómsveitarinnar sem hafa slegið í gegn að undanfögnu má nefna ofurslagarana Manstu og Það sýnir sig. Búast má við miklu stuði þegar reggibandið í lopa-peysunum stígur á svið.

Rúnar Þóris þekkja margir Ísfirðingar úr hljómsveitinni Grafik sem ítrekað lyfti þökum á félagsheimilum í fjórðungnum á 9. áratug síðustu aldar. Gítarleikari af lífi og sál og mikill reynslubolti og er ljóst að enginn verður svikinn af framkomu þessarar gítarhetju.

Mugison þarf vart að kynna fyrir landsmönnum. Mugison ásamt Papamug eru mennirnir á bak við Aldrei fór ég suður. Mugison hefur mikið verið að spila að undanfögnu. Hann gaf nýlega út plötuna Ítrekun og fór í tónleikaferð með Björgvin Gíslasyni. Nýverið hefur hann verið í Bandaríkjunum ásamt því að finnstilla nýtt hljóðfæri sem hann hannaði í samvinnu við félaganna sinn. Það er aldrei að vita nema Mugison taki nokkrar umferðir á hljóðfærið á þessari hátíð. Það er aldrei hægt vera viss um hvað Mugison dettur í hug þegar hann fer á svið, en eitt er víst, honum verður vel tekið.

Baunirnir eru nokkrir hressir menn sem ætla að blása hátíðina í hús þetta árið. Hljómsveitin mun leiða skruðgöngu frá Ísafjarðarkirkju upp að tónleikasvæðinu og leika vel valin lög á lúðra sína.

Yxna samanstendur af fjórum reynsluboltum í vestfirsku tónlistarlífi. Hér fer Papamug fremstur í flokki en búast má við miklu stuði því að í lagasafni hljómsveitarinnar er að finna margar af helstu perlum tónlistarsögunar. Yxna lætur ekki flókna hljóma og taktfræði trufla sig og keyrir tónlist sína áfram með afli með ákveðnum harmonikkuleik, taktföstum trommuleik, mjúkum bassaleik og síðast en ekki síst ylhlýrri rödd hafnarstjórans.

Tom Hannay kemur alla leið frá Bretlandi en hann hefur verið búsettur í Reykjavík að undanfögnu. Tom spilar ljúfa og poppaða kassagítartónlist með hnitmiðuðum textum. Tom ætlar að flytja nokkur lög fyrir hátíðargesti og verður gaman að sjá hvað þessi breski tónlistarmaður hefur upp á að bjóða.

Ugly Alex kemur að norðan en hljómsveitin var stofnuð síðasta sumar. Ugly Alex kemur með þungt rokk í farteskinu en hljómsveitin samanstendur af fjórum Akureyringum og einum Vestfirðing sem sér um að þenja

raddböndin. Hljómsveitin, sem þeir félagar skirðu eftir fállega vini sínum, mun eflaust kveikja í nokkrum rokkþyrstum áhorfendum ásamt því að sýna frísklega sviðsframkomu.

Jitney kemur alla leið frá Odda í Noregi. Þetta norska tríó leikur mjúka og hressa rokk-tónlist en tónlist Jitney einkennist af kröftugum trommuleik og ljúfum gítartónum í takt við mjúka rödd og mjúkan söngstíl. Það verður því fróðlegt að sjá hvað þetta norska tríó hefur að bjóða.

Korter í þrjú er eins og nafnið gefur til kynna hressir teknóhausar sem spila teknó og rafvæna tónlist eins og enginn sé morgundagurinn. Margir tónlistarmenn þekkja korter í þrjú regluna en þá er iðulega hækkað í græjunum og gefið í. Það er því bókað mál að hér er eitthvað til að dilla sér við.

Drengjakórinn Konráð er skipaður unglingum úr Gagnfræðaskólanum á Ísafirði en kórinn er að stíga sín fyrstu skref í bransanum. Kórinn hefur slegið í gegn á söngvakeppnum í Grunnskólanum á Ísafirði á síðustu árum og má fastlega búast við því að hér séu framtíðarmeðlimir í Karalakórnum Erni. Konráð ætlar að heiðra gesti hátíðarinnar með því að flytja nokkur vel valin lög að eigin hætti.

Sesar A, BlazRoca og DJ Kocoon koma með þétt rappprógramm á hátíðina í ár en þessum vestfirsku bræðrum er ekkert heilagt. Með þeim í för er skífubeytarinn DJ Kocoon en Sesar A og BlazRoca hafa getið sér gott nafn í rappheiminum á Íslandi og ekki eingöngu fyrir tónlistarhæfileika heldur er annar þeirra mjög fær sjálfsvarnarlistamaður. Sesar A og BlazRoca eiga sér stóran aðdáendahóp um allt land. Þá félaga vantar ekki orðaforðann og verður spennandi að sjá hvaða slagara þessir þrír félagar draga upp úr hattinum í ár.

NineElevens er vægast sagt alvöru rokkhljómsveit. Það eru fáar hljómsveitir sem haldið hafa uppi heiðri rokkisins eins vel og þessi sveit en meðlimir hennar koma aðeins fram í leðurbuxum, berir að ofan eða í netbol. NineElevens hefur oft komið fram á Aldrei fór ég suður en lýsa má hljómsveitinni sem besta hugsanlega þolprófi á hljóðkerfi hátíðarinnar.

Óminnishegrar eru framlag Menntaskólans á Ísafirði til hátíðarinnar í ár en þessi þrír menntskælingar spila „útnárrókk“ af bestu gerð. Óminnishegrar eru ein af fáum unglingahljómsveitum á landinu sem syngja eingöngu á íslensku. Fyrsta framkoma sveitarinnar var á Aldrei fór ég suður í fyrra. Síðan þá hafa þeir lagt enskunni, skipt um trommuleikara og æft sig dag. Það verður fróðlegt að fylgjast með þessum ungu mönnum.

Nýtt gistiheimili

Gistiheimilið 66 opnar á Suðureyri um páskana. Húsnæðið sem er að Túngötu 2, þar sem heilsugæslan var áður til húsa, hefur verið tekið í gegn og hafa framkvæmdir staðið yfir frá því í janúar. „Ég held að það sé ekkert gamalt hér inni lengur, það er ein mynd á veggnum sem var hér áður annars hefur allt verið endurnýjað,“ segir Guðmundur Tryggvi Ásbergsson, eigandi gistiheimilisins. Hann hefur sjálfur staðið í framkvæmdunum ásamt bróður sínum en einnig hafa þeir ráðið til sín verktaka. „Það er ekkert verið að kasta til hendinni við þetta, ég hef gert þetta eins og ég myndi sjálfur vilja hafa gistingu,“ segir Guðmundur. Á gistiheimilinu verða sautján herbergi.

Guðmundur segist hafa fengið góð viðbrögð frá Sögfirðingum við framkvæmdunum. „Ég hef bara heyrt góða hluti, en ég myndi nú sjálfsagt ekki heyra það ef eitthvað neikvætt er sagt,“ segir hann glottandi. „Þetta er stórt hús í miðjum bænum sem lá undir skemmdum svo það hlýtur að vera hagur allra að það sé gert upp og muni koma að góðum notum.“



Guðmundur Tryggvi Ásbergsson hefur staðið í ströngu við að koma nýju gistiheimili á Suðureyri í stand fyrir páska.

Guðmundur segir að það hafi verið fyrir tilviljun að hann fór út í gistiheimilarekstur hér vestra. „Ég kom vestur til að skoða bát og var ekkert á þeim buxunum að kaupa húsnæði, en mér var bent á þetta og ákvað að skella mér á það.“

Efnt var til nafnasamkeppni vegna gistiheimilisins en nafnið kom þó úr annarri átt. Guðmundur segir þó ætla að standa við að gefa 25.000 krónur sem hann hét í verðlaun fyrir nafnið. Þar sem enginn þátttakandi í samkeppninni kom með nafnið ætlar hann að láta féð renna til góðs á Suðureyri. Verður nánar greint frá því innan tíðar.



ÍSAFJARÐARBÆR

DEILDARSTJÓRI Í DAGVISTUN

Auglýst er eftir deildarstjóra í dagvistun aldraðra á Hlíf á Ísafirði. Viðkomandi hefur yfirumsjón með dagvistun aldraðra og mun taka þátt í breytingum sem fyrirætlaðar eru á starfinu í dagvistuninni. Stefnt er að því að dagvistunin verði í tveimur deildum.

Starfið á dagvistun aldraðra snýst um að efla félagsstarf, tómstundir og hreyfingu aldraðra og mun deildarstjóri sjá um að skipuleggja starfið, efla það og koma með hugmyndir að mögulegum breytingum. Næsti yfirmaður deildarstjóra dagvistunar er forstöðumaður Hlífar.

Deildarstjóri þarf að sýna frumkvæði í starfi, vera hugmyndaríkur og hafa góða skipulags- og samskiptahæfileika. Skilyrði er að viðkomandi sé menntaður sem hjúkrunarfræðingur eða iðjuþjálfari.

Umsóknarfrestur um starfið er til 8. apríl 2010. Upplýsingar um starfið gefur Maron Pétursson, forstöðumaður Hlífar í síma 450 8225 eða á netf. maron@isafjordur.is.



Óminnishegrarnir Andri Pétur Þrastarson, Einar Bragi Guðmundsson og Stephen Albert Björnsson.

Spila „útnárarokk“ af bestu gerð

Ísfrska rokkhljómsveitin Óminnishegrar var stofnuð seint á árinu 2008 af Andra Pétri Þrastarsyni og Stephen Albert Björnssyni, þá undir nafninu The Sleeping Prophets. Hljómsveitin fékk fyrst tækifæri til að láta ljós sitt skína á Rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður í fyrra, en snemma á þessu ári urðu mannabreytingar í hljómsveitinni þar sem nýr trommuleikari, Einar Bragi Guðmundsson, var vígður í bandið og hljómsveitinni gefið íslenskt nafn. Blaðamaður mælti sér mót við þessa ungu rokkara, Andra, Stephen og Einar þar sem þeir voru við æfingar fyrir komandi átök á Aldrei fór ég suður.

– Hvaðan kemur nafnið?

Stephen: Nafnið kemur úr íslenskutíma í menntaskólanum.

Andri: Já, þetta er úr Háva-málum þegar Óðinn segir: „Þá sveif að mér óminnishegri“ sem þýðir á góðri íslensku „blackout“. Hann er að segja frá því þegar hann var að drekka með skessu í jötunheimum og varð fullur, og man ekkert eftir því.

– Hvað er hljómsveitin búin að vera til lengi?

Stephen: Hún er búin að vera starfandi í þrjá mánuði í þessu formi, en það má rekja upphafið alveg niður í grunnskóla þegar

við byrjuðum að fíka við að spila saman en við erum núna í 2. bekk í menntaskóla.

Andri: Það má eiginlega segja að munurinn á þessari útgáfu af hljómsveitinni og þeirri fyrri er að við fengum nýjan trommara og byrjuðum að syngja allt á íslensku.

Andri Pétur semur alla texta fyrir hljómsveitina ásamt því að semja flest lög.

Andri: Sum lög verða einfaldlega bara til á staðnum. Oft verða þau til þegar við erum að leika okkur á æfingum. Allir sjá um að koma með eitthvað í lögina og við reynum að æfa reglulega en það er misjafnt eftir vikum.

– Hvaðan koma lög?

Andri: Ég hreinlega veit það ekki, ætli þau komi ekki bara úr botnlanganum.

Stephen: Nei, ég held að Andri hafi orðið fyrir einhverju áfalli í æsku, það hlýtur bara að vera.

Á Myspace-vefsíðu hljómsveitarinnar er stefnu hennar lýst sem „útnárarokki“. Hvernig tónlist er það?

Andri: Þetta er nú bara orð sem ég bjó til, til gamans. Það er kannski ekki hægt að lýsa tónlistinni í stuttu máli, en það gætir margra áhrifa í henni.

Einar: Það hefur sennilega öll

tónlist sem við hlustum á áhrif, og einnig öll sú tónlist sem við hlustum ekki á.

– Er mikil rokksena á Ísafirði?

Stephen: Örugglega meiri en einhvers staðar annars staðar en ég held það séu um fjórar rokk-hljómsveitir á svæðinu. Unglingar í dag hlusta kannski minna á rokk en áður og það er orðið mikið um það að börn og unglingar hlusti eingöngu á teknó og danstónlist.

Andri: Rokkið á þó eftir að koma aftur, það koma alltaf sveiflur í tónlistinni og það hefur gert það í marga áratugi.

– Hvernig er að vera í rokk-hljómsveit á Ísafirði?

Einar: Það væri skemmtilegra að geta spilað aðeins meira. Það er ekki mikið um að vera fyrir hljómsveitir til að koma fram, nema auðvitað Aldrei fór ég suður.

Andri: Við stungum einmitt af suður og héldum tónleika í Hinu húsinu í Reykjavík síðasta haust. Við auglýstum eftir böndum til þess að spila með okkur og fengum nokkur svör en svo komust engir nema ein hljómsveit, sem var alveg þvítíkt þungarokks-band. Ég fór á netið og hlustaði á þá og það má segja að þetta hafi verið í þyngri kantinum. Síðan

mættu þeir þarna um daginn og tjáðu okkur það að tónlistin þeirra væri orðin þyngri, sem við héldum að væri varla hægt. Þeir spiluðu með þvílíkum látum og síðan komumst við að því að allir í áheyrendahópnum þeirra voru meðliðmir í hóp sem kallar sig „The Freaks of Iceland“ þannig að það voru eingöngu mættir fimm eðlilegir einstaklingar til þess að fylgjast með okkur. Sem var frekar fyndið.

Stephen: Síðan héldum við tónleika í gamla íþróttahúsinu á Ísafirði. Þar fengum við hljómsveitir til að spila með okkur og ein kom meira að segja alla leið frá Reykjavík. Ég held að það hafi mætt um 20 gestir.

Andri: Já, þannig að það má segja að það er ekki stór markaður á Ísafirði fyrir ungar hljómsveitir. Það er eins gott að það hefði ekki kostað inn, þá hefði sennilega enginn mætt. En þetta var mjög skemmtilegt samt sem áður.

– Hvernig er fyrir ungar hljómsveitir að fá æfingarhúsnæði og aðstöðu á Ísafirði?

Einar: Það er mjög erfitt að fá stað til þess að æfa á hérna í bænum. Sérstaklega ef þú ert mjög ungur, þá er það næstum því ómögulegt.

Andri: Ég hef heyrt um hljómsveitir sem langar að fara að æfa en geta það ekki vegna þess að þeir hafa ekki aðstöðu.

Einar: Þetta var líka allt öðruvísi fyrir svona fimm árum. Þá var ekki þessi aðstaða sem er í félagsmiðstöðinni og núna geta krakkar fengið að æfa þar. Ég hef reyndar heyrt að það sé ekki mikið um það að aðstaðan þar sé notuð eitthvað af viti. T.d. þegar við vorum í grunnskóla varð maður að panta tíma með fyrirvara til þess að komast að en síðan dó það út.

Stephen: Maður hefur heyrt af því að 9. bekkingar og 10. bekkingar í dag séu ekkert mikið fyrir tónlist sem er spiluð. Heldur vilja þau bara danstónlist sem spiluð er úr tölvum.

Andri: Þetta er líka svipað í menntaskólanum. Þar eru menn fluttir fyrir mörg hundruð þúsund frá Reykjavík til þess eins að ýta á takka í tölvunni og öskra eitt-hvað hvetjandi í mikrófón.

– Finnst ykkur lítill vettvangur fyrir hljómsveitir í menntaskólanum?

Andri: Já, það er allavega mjög dræmt ástand hérna á Ísafirði yfir höfuð, ekki bara í skólanum.

Einar: Ég held nú að það sé ekki beint skárri annars staðar.

Árbítur um páska

„Páskahelgin er framundan með sínu langþráða fimm daga fríi. Bærinn fyllist af allskonar fólki nýju og gömlu. Þessa til- teknu páskahelgi verður víst minna um skíðaferðir en vonir stóði til sökum snjóleysis. Því er tilvalið er að nota þetta langa frí til að styrkja vináttusambönd eða kósa sig með fjölskyldunni með léttum árbít. Ég tók saman upp- skriftir af brauðbollum, marme- laði, matarmiklu salati með hleyptum eggjum og sætri og saðsamri eplaköku. Hver og einn þrjónar svo við þetta eftir fólks- fjölda og smekk.“

Graskerabollur
5 dl volgt vatn
1 bréf þurrger
1 ts k salt
1 msk hrásykur
260 gr spelthveiti
350 gr hveiti
1 dl graskerafræ
Vatn, ger og hrásykur sett í skál og látið standa í nokkrar mínútur, áður en hinu hráefninu er bætt út í. Látið hefast undir rökum klúti í 40. mín.
Deigið hnoðað létt saman og skipt í 16 bita sem mótaðir eru í bollur. Þær síðan penslaðar með mjólk og graskerafræjum stráð yfir. Baka í 220 °heitum ofni í 20. mín.

Andri: Já, en samt, t.d. á Akur- eyri er ungmennameiðstöðin Hús- ið, sem er svipað og Gamla Apó- tekið var. Þar er mjög öflug tón- leikdagskrá og fólk lætur sjá sig. Einar: Já, við söknum Gamla Apóteksins, það var mjög opin aðstaða og góður vettvangur fyrir tónlistarfólk og unglinga að hitt- ast. Það var rosalega góður fil- ingur þar og það var töluvert um hljómsveitir að æfa og koma fram. Það var rosalega góð stemming þarna inni. – Nú eru Músíktílaunir mjög vinsæll atburður meðal hljóms- sveita sem vilja koma sér á fram- færi. Hafði þið hugsað um að taka þátt? Andri: Já, við ætluðum að fara í ár en síðan gafst ekki tími því ég og Stephen vorum að koma úr æfingum fyrir Sólrísuleikrit MÍ sem voru mjög tímafrekar. Stephen: Svo vorum við líka að skipta um trommara á svipuð- um tíma svo að það varð ekkert úr þessu. Það er aldrei að vita nema við tökum þátt á næsta ári. Núna eruð þið að fara að spila á Rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður. Hvernig kom það til? Andri: Það var nú ekki mjög flókið. Ég sendi einn tölvupóst og það dugði. – Og hvað finnst ykkur um Aldrei ég suður?

Chili – marmelaði
6 paprikur
5 chili – aldin
100 gr gulrætur
3 dl hvítvín sedik
7 dl sykur
3 ts k sultuhleypir
Fræhreinsið papriku og chili – aldin og maukið í matvinnsluvél

Sælkerinn

ásamt gulrótum. Setjið hvítvins- edik og sykur í pott ásamt mauk- uðu grænmeti og sjóðið í 15 mín. Takið pottinn þá af hellunni og setjið sultuhleypinn saman við. Sjóðið í 1 mín og hellið í krukkur.

<i>Salat</i>	
<i>(Miðað við 4 fullorðna)</i>	
4 brauðsneiðar sem gott er að rista	200 gr sykur
1 ts k salt	3 egg
1 – 2 msk olía	300 gr hveiti
Bland grænt salat	2 – 3 epli
Blandað grænmeti	200 gr frosin ber (þýdd og sigtuð)
(paprika, tómatar, sveppir, eða hvað eina sem bragðlaukarnir biðja um)	
8 sneiðar beikon, sneitt niður og steikt	

Einar: Klárlega besta íslenska hátíðin. Það er ekki til betri hátíð. Stephen: Ég held það reyndar stuð á Þjóðhátíð. Ef þú filar Ingó og Veðurguðina og svoleiðis hljómsveitir. – Eru Ingó og Veðurguðirnir ofarlega á lista hjá ykkur? Andri: Nei ég get ekki sagt. Ég set Bubba Morthens fyrir ofan Veðurguðina, og þá er mikið sagt. Það er samt örugglega meira um fylliri í Vestmannaeyjum heldur en að fólk sé komið til að hlusta á tónlist. Einar: Munurinn er líka sá að mikill meirihluti gesta á Þjóð- hátíð er ungt fólk. Hingað kemur fólk á öllum aldri til að fylgjast með og frá öllum heimshornum eingöngu til að koma og njóta hátíðarinnar. – Er Aldrei fór ég suður stór stökkpallur fyrir lítið þekktar hljómsveitir? Andri: Já, við spiluðum þarna í fyrra. Það var í fyrsta skipti sem við komum fram, sem er kannski svolítið stórt stökk. Reyndar varð næsta gigg hjá okkur mjög fá- mennt, sem jafnaði áhorfenda- fjöldann út. – Nú syngið þið eingöngu á íslensku meðan flestar hljóm- sveitir syngja á ensku. Hvers vegna? Andri: Enskan er bara eitthvað svo kjánaleg. Það er mikið um

4 hleypt egg Ristið brauðið og skerið í ten- inga. Hleypið eggin í soðnu ed- iksvatni. Blandið öllu hráefninu í skál, dassið með olíu og kryddið með salti og pipar.

Volg eplakaka með vanilluís
180 gr smjör
2 ½ dl rjómi
Hitið ofninn í 200°C. Bræðið smjörið í rjómanum og kælið að- eins. Þeytið saman egg og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Hellið rjóma blöndunni út í og blandið vel saman. Hellið deig- inu í smurt ferkantað form 20x30 cm stórt. Flysjið eplin og skerið í báta, radið þeim ofan á deigið ásamt berjunum. Þrýstið þeim aðeins ofan í deigið svo þau brenni ekki. Kakan bökud í 45 – 50 mín eða þar til hún er orðin fallega

það að hljómsveitir séu að syngja á ensku eingöngu til þess að „meika“ það og síðan þegar maður skoðar textana, þá eru þeir bara algjört rugl. Þú talar íslensku alla þína ævi. Ef þú getur ekki samið texta á íslensku, hvers vegna ættir þú að geta samið þá á ensku? Stephen: Íslenskan er engin fyrirstaða í sjálfu sér. Það eru alveg hljómsveitir sem hafa feng- ið hljómgrunn víða þótt þær syngi ekki á ensku.

Andri: Söngkona í Mammút var einmitt að tala um það á fyrir- lestri sem var haldinn fyrir Rokk- hátíðina í fyrra, að við gerð fyrstu plötu þeirra hafi hún bæði gert texta á íslensku og ensku. Út- lendingarnir höfðu miklu meiri áhuga á þeirri sem var á íslensku. – Og er stefnan sett að á að fara í upptökur?

Andri: Já, okkur langar alla- vega. Okkur langar helst að taka lögin okkur upp „live“, þar sem við spilum saman en ekki þar sem hljóðfærin eru tekin í sitt hvoru lagi, það drepur svo stemminguna.

Stephen: Já, það væri gaman að geta tekið upp lögin okkar í almennilegum gæðum.

Andri: Mér finnst samt að stemmingin eigi af hafa forgang yfir hljómgæði. Það setur meiri karakter í lagið ef það er tekið



Sælkeri vikunnar er Nanný Arna Guðmundsdóttir á Ísafirði gullin og farin að losna frá börm- unum. Borin fram heit með vanilluís eða volg með rjóma. Nýkreistur appelsínusafi er algjör lúxus sem ekki á að neyta sér um í löngu fríi auk þess sem hann er fullur af vítamínum.

með lyklavöld.

Andri: Það mætti alveg skoða það að koma á fót húsnæði þar sem væri rými fyrir hljómsveitir og listafólk til þess að æfa sig. Premeningarnir hafa allir stundað nám við Tónlistarskóla Ísafjarðar en segja aðgang að kennsluefni og vídjóum á netinu vera mjög mikinn kost. Einar: Það er hægt að læra næstum því allt í gegnum netið. T.d. youtube.com, þar getur þú lært á öll hljóðfæri ef þú hefur þolinmæðina í það. Það er hægt að finna einföldustu kennsluvídjó og alveg upp í mjög flókna kennslu.

Óminnishegrar vonast til þess að komast í upptökur og vilja því næst setja tónlist sína á netið öllum til hlustunar.

Stephen: Við myndum vilja gefa fólki smjörþefinn með því að gefa kannski nokkur lög frítt á netinu. Og ef fólk vill heyra meira, þá er kannski hægt að koma þeirri tónlist einhvern veginn á framfæri.

Andri: Við eigum alveg nóg af lögum til að taka upp og gefa út. En tíminn verður bara að leiða það í ljós hvað verður úr þessu. Hægt er að kynna sér hljóm- sveitina og tónlist þeirra á www. mspace.com/ominnishegrar.

– kristjan@bb.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Tyrkland og gríska Eyjahafið

10-11 náttu ferðir

TYRKLAND

Flugsæti 10. júlí í 10 nætur

Verð frá 91.000 kr.*

+ 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar

*Verð án vildarpunkta: 101.000 kr.

TYRKLAND ÓDÝRAST!

Hvergi ódýrara að lifa á sólarstöðum
sumarið 2010!

TYRKLAND Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn á Tyrklandi

Eken

★★★★

Eken er einkar vinalagt hótél með rúmgóðum og snyrtilegum herbergjum sem öll eru loftkæld og með svölum. Í garðinum eru sundlaugar þar sem börnin geta leikið sér í barnalaug.

Verð frá 131.965 kr.* og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í 11 nætur 29. júní. ALLT INNIFALIÐ, líka loftkæling. Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli: 151.163 kr. og 15.000 Vildarpunkta.

*Verð án Vildarpunkta 141.965 kr.

Club Pedalisa

★★

Vinalagt íbúðahótél í skandinavískum stíl á góðum stað miðsvæðis í Gumbet, í stuttu göngufæri frá ströndinni.

Verð frá 99.494 kr.* og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í íbúð m/1 svefnh. í 10 nætur 10. júlí. Verð á mann m.v. 2 í íbúð m/1 svefnh.: 114.488 kr. og 15.000 Vildarpunkta.

*Verð án Vildarpunkta 109.494 kr.



GRIKKLAND Kos

Eyja hinna ánægðu

Grísk paradísareyja, skammt frá vesturströnd Tyrklands í gríska Eyjahafinu. Friður, fjör, veðursæld, heillandi þorp og stórfenglegar minjar frá gullöldum grískrar menningar.

Sun Palace

★★★★

Frábært hótél sem var algjörlega endurnýjað árið 2008 og byggt upp samkvæmt nýjustu straumum og stefnum. Útkoman er virkilega huggulegt og nýttislegt hótél þar sem allt er innifalið.

Verð frá 188.950 kr.* og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára) í tvíbýli í 9 nætur á Kos og 1 nótt í Bodrum 10. júlí. Allt innifalið, líka loftkæling.

*Verð án Vildarpunkta 198.950 kr.



Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Upplifðu tvo menningarheima í sömu ferðinni

Í boði eru samsettir pakkar þar sem hægt er að dvelja hluta tímans í Tyrklandi og hluta á Kos.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið